



BA ritgerð

Almenn málvísindi

Athugun á tvinnhljóðum í máli 36 íslenskra barna

Áhrif enskuílags, aldurs og kyns

Egill Magnússon

Leiðbeinandi: Sigríður Sigurjónsdóttir
Júní 2019



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Almenn málvísindi

Athugun á tvinnhljóðum

í máli 36 íslenskra barna

Áhrif enskuílags, aldurs og kyns

Ritgerð til B.A.-prófs

Egill Magnússon

Kt.: 020497-2629

Leiðbeinandi: Sigríður Sigurjónsdóttir

Júní 2019

Formáli

Í þessari ritgerð var tvinnhljóðaframburður 36 eintyngdra íslenskra barna á aldrinum 3-12 ára sem eru búsett á höfuðborgarsvæðinu kannaður en notast var við upptökur úr öndvegisverkefni Sigríðar Sigurjónsdóttur og Eiríks Rögnvaldssonar sem styrkt er af Rannsóknarsjóði Íslands. Kannað var hvort tvinnhljóðaframburður kæmi fram í máli barnanna. Einnig var athugað hvort fylgni væri á milli tvinnhljóðaframburðar og enskuflags í málumhverfi barnanna, aldurs þeirra og kyns. Tölfræðileg marktæknipróf sýna hvorki fram á marktæka fylgni milli tvinnhljóðaframburðar og enskuflags né kyns barnanna en hins vegar kom fram marktækur munur þegar aldurshóparnir voru bornir saman.

Ég vil þakka leiðbeinanda mínum, Sigríði Sigurjónsdóttur, fyrir góða leiðsögn og Hildi Hafsteinsdóttur, sem er með M.A.-próf í íslenskri málfræði og vinnur við fyrrnefnt öndvegisverkefni, fyrir hjálp við leiðsögn. Hildur tók að sér að sækja og flokka hljóðupptökurnar sem notaðar voru í þessari rannsókn og hún kom auk þess að leiðsögn ritgerðarinnar. Einnig vil ég þakka vinum og vandamönnum, og þá sérstaklega kærasta mínum, Noah Roloff, fyrir hjálp við tölfræðilega úrvinnslu gagna og uppsetningu á tölfræðihluta ritgerðarinnar.

Ágrip

Þessi ritgerð er lögð fram sem lokaverkefni til B.A.-prófs í almennum málvísindum. Tvinnhljóðaframburður 36 eintyngdra íslenskra barna á aldrinum 3-12 ára sem búsett eru á höfuðborgarsvæðinu var kannaður en var notast við gögn úr öndvegisverkefni Sigríðar Sigurjónsdóttur og Eiríks Rögnvaldssonar (2018) sem styrkt er af Rannsóknarsjóði Íslands 2016-2019. Niðurstöður sýna að tvinnhljóðaframburður kom fram í máli allra þátttakanda nema eins og þegar hann kom fram var tannbergsmælt tvinnhljóð algengara en tannbergsgómmælt tvinnhljóð. Einnig benda niðurstöður til að enskuílag hafi áhrif á tvinnhljóðaframburð í máli íslenskra barna þó að munurinn hafi ekki verið marktækur í neinu tilfalli. Þannig var há fylgni á milli enskuílags og tvinnhljóðaframburðar þátttakenda. Auk þess voru börn með mikið enskuílag líklegri til að bera fram skýr tvinnhljóð (fremur en hálf-tvinnhljóð eða vafahljóð) en börn með mið eða lítið enskuílag. Aldur hafði áhrif á niðurstöður þótt tenging þar á milli hafi ekki verið línuleg og ekki sé ljóst af hverju hún stafar. Marktækur munur kom tvisvar fram þegar aldurshópar voru bornir saman, annars vegar á yngsta og elsta aldurshópnum og hins vegar á næstýngsta og elsta aldurshópnum. Elsti aldurshópurinn hafði oftast lægsta meðaltal tvinnhljóðaframburðar á þeim orðum sem fengu einhvern áberandi markaðan framburð, þ.e. tvinnhljóðaframburð. Auk þess var elsti aldurshópurinn eini hópurinn sem aldrei hafði markaðan framburð á orðinu *tígull* en slíkur framburður kom fram í öllum öðrum aldurshópum. Yngri börn voru því líklegri til að nota tvinnhljóð eða vafaframburð en eldri börnin. Munur á niðurstöðum kynja var lítil og ekki marktækur. Há fylgni var á milli kynja enda voru flestar niðurstöður drengja og stúlkna svipaðar.

Hægt er að túlka þessar niðurstöður þannig að tvinnhljóðaframburður í máli íslenskra barna sé að aukast með auknu enskuílagi í málumhverfi ungra barna á máltökuskeiði en niðurstöður rannsóknar sem gerð var árið 2007 á tvinnhljóðaframburði í máli unglunga og fullorðins fólks benda þó til að þetta tilbrigði í framburði sé a.m.k. nokkurra áratuga gamalt. Í túlkun á niðurstöðum ber þess þó að gæta að gögn í þessari athugun byggjast aðeins á 36 börnum og því er ekki hægt að fullyrða um tvinnhljóðaframburð í máli íslenskra barna almennt. Niðurstöður þessarar ritgerðar gefa þó til kynna að aldur hafi sterkari áhrif á tvinnhljóðaframburð íslenskra barna en enskuílag þeirra ef miðað er við niðurstöður tölfræðilegra marktækniprófa.

Efnisyfirlit

Formáli.....	1
Ágrip.....	2
1 Inngangur.....	6
2 Tungumál, máhljóð og málkerfi.....	8
2.1 Máltaka barna.....	8
2.1.1 Flokkamiðuð talskynjun.....	9
2.1.2 Hljómfall og hreimur.....	10
2.2 Hljóðkerfi íslenskunnar.....	11
2.3 Tvinnhljóð.....	12
2.4 Íslenskar rannsóknir á tvinnhljóðaframburði.....	14
2.4.1 Rannsókn Bjarka Karlssonar (2007).....	15
2.4.2 Rannsókn Indriða Gíslasonar o.fl. (1986).....	16
2.4.3 Rannsókn Þóru Másdóttur (2008).....	17
3 Enska á Íslandi.....	20
3.1 Enska sem erlent eða annað mál á Íslandi.....	20
3.2 Öndvegisverkefni um sambylí íslensku og ensku.....	22
3.2.1 Aðferðir.....	23
3.2.2 Fyrstu niðurstöður.....	23
3.2.3 Rannsókn Hildar Hafsteinsdóttur (2019a).....	24
3.3 Rannsókn Bryndísar Bergþórsdóttur (2018).....	25
4 Rannsókn á tvinnhljóðaframburði í máli barna.....	28
4.1 Markmið og aðferð.....	28
4.2 Niðurstöður.....	30
4.2.1 Heildarniðurstöður.....	30
4.2.2 Áhrif enskuílags.....	32
4.2.3 Áhrif aldurs.....	33
4.2.4 Kynjamismunur.....	34
4.2.5 Samantekt niðurstaðna.....	35

5	Lokaorð.....	37
	Heimildaskrá.....	38

Töfluskrá

Tafla 1: Einhljóð í íslensku	11
Tafla 2: Samhljóð í íslensku	11
Tafla 3: Niðurstöður Bjarka Karlssonar.....	15
Tafla 4: Niðurstöður Þóru Másdóttur.....	18
Tafla 5: Aldurs-, ílags- og kynjaskipting barnanna	28
Tafla 6: Heildarniðurstöður fyrir orðin sem prófuð voru.....	31
Tafla 7: Niðurstöður eftir ílagi	32
Tafla 8: Fylgni milli ílagshópa.....	33
Tafla 9: Niðurstöður eftir aldri.....	33
Tafla 10: Fylgni milli aldurshópa	34
Tafla 11: Niðurstöður eftir kyni.....	35
Tafla 12: Fylgni milli kynja	35

1 Inngangur

Flestar dýrategundir hafa þróað einhvers konar kerfi til að eiga samskipti sín á milli. Tungumál mannfólks er þó annars eðlis en samskiptatæki annarra dýra. Samskiptakerfi dýra er óbreytanlegt þar sem hvert tákn getur aðeins haft eina merkingu. Mannleg mál eru hins vegar byggð upp af einingum sem hægt er að setja saman á mismunandi hátt til að tjá ólíka merkingu.¹ Börn læra ekki móðurmál sitt með beinni kennslu heldur taka þau málið við það að heyra það í umhverfi sínu og er þá talað um máltöku.² Máltaka mannfólks virðist hafa ákveðin tímamörk. Talað er um aldurinn frá fæðingu til kynþroska sem markaldur í máltöku eða máltökuskeið. Rannsóknir benda þó til að máltaka hljóðkerfis og ákveðinna þátta málfræðinnar þurfi að fara fram fyrir fjögurra til sex ára aldur eigi barn að ná fullum tökum á móðurmáli sínu.³

Framburður tungumála byggist á þeim málhljóðum sem mynda hljóðkerfi viðkomandi tungumáls. Tilbrigði finnast í tungumálum, m.a. í framburði þeirra. Í íslensku er eitt slíkt tilbrigði svokallaður tvinnhljóðaframburður. Þetta framburðartilbrigði kemur helst fram þar sem klasarnir /tj/ og /dj/ birtast í stafsetningu og eru þessir klasar þá bornir fram með tvinnhljóði í stað lokhljóðs.⁴ Tvinnhljóð eru mynduð á þann hátt að lokun verður í munni, þ.e. lokað er fyrir loftstraum frá lungum en í stað þess að loftinu sé sleppt út með hveli líkt og þegar lokhljóð eru mynduð er opnað hægt fyrir loftstrauminn með önghljóði á sama eða svipuðum myndunarstað.⁵ Ekki hafa verið gerðar margar rannsóknir á tvinnhljóðaframburði í íslensku en Bjarki Karlsson (2007) rannsakaði þetta framburðartilbrigði og komst að því að tvinnhljóð voru algeng í framburði ungra þátttakenda í könnun hans. Ekki var nógu mikið af fullorðnum þátttakendum í rannsókn hans til að hægt væri að fullyrða meira um tvinnhljóðaframburð í máli þeirra, annað en að staðfesta tilvist hans.⁶

Í þessari ritgerð er tvinnhljóðaframburður í máli eintýngdra íslenskra barna skoðaður. Reynt er að komast að því hvort þættir eins og enskuflag (e. *input*) í málumhverfi, aldur og kyn hafi áhrif á tvinnhljóðaframburð þátttakenda. Hluti viðtala úr öndvegisverkefni Sigríðar Sigurjónsdóttur og Eiríks Rögnvaldssonar, *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*, var notaður við þessa rannsókn. Hlustað var á upptökur 36 barna, 19 stúlkna og 17 drengja, og athugað hvort þau hefðu tvinnhljóð í máli sínu. Framburði barna var gefinn einkunn á bilinu 100-200 þar sem 100 merkti að ekki kom fram tvinnhljóð, 150 merkti

¹ Fromkin o.fl. 2014:16-17

² O'Grady 2005:164-168; Jörgen Pind 2005:501

³ Sigríður Sigurjónsdóttir 2000:30

⁴ Eiríkur Rögnvaldsson 2017:15,90

⁵ Carr 2013:6,11-12; Roach 2005:48-49; Ladefoged og Johnson 2011:67

⁶ Bjarki Karlsson 2007: kafli 0.7

hálfvinnhljóð eða vafi en 200 merkti að orð fékk skýran tvinnhljóðaframburð. Börnin búa öll á höfuðborgarsvæðinu og voru á aldursbilinu þriggja til tólf ára. Þeim var, líkt og í fyrrnefndu öndvegisverkefni, skipt upp í fjóra aldurshópa: 3-5 ára, 6-7 ára, 8-9 ára og 10-12 ára. Athuga skal að þessi aldursskipting er miðuð við aldur barnanna í netkönnuninni sem lauk vorið 2018. Börnunum var einnig skipt í þrjá ílagshópa eftir því hve mikla ensku þau höfðu í umhverfi sínu: mikið enskuílag, mið enskuílag og lítið enskuílag.

Efnisskipan ritgerðarinnar er þannig að í öðrum kafla er fjallað um máltöku barna og hljóðkerfi tungumála, sérstaklega það sem við kemur tvinnhljóðum. Í þriðja kafla er fjallað um ensku í íslensku málsamfélagi, áður nefnt rannsóknarverkefni Sigríðar Sigurjónsdóttur og Eiríks Rögnvaldssonar, rannsókn Hildar Hafsteinsdóttur (2019a) og rannsókn Bryndísar Bergþórsdóttur (2018). Í fjórða kafla eru síðan birtar niðurstöður rannsóknar á tvinnhljóðaframburði 36 íslenskra barna. Meðaleinkunn var reiknuð út úr öllum orðum og einnig úr framburði aldurshópa, ílagshópa og milli kynja. Einnig var tölfræðileg fylgni skoðuð milli mismunandi aldurshópa, ílagshópa og kynja. Að lokum eru niðurstöður ritgerðarinnar dregnar saman í lokaorðum.

2 Tungumál, máhljóð og málkerfi

Dýr hafa flest einhvers konar leið til að tjá sig en mannlegt mál hefur þó sérstöðu þegar það er borið saman við samskiptakerfi annarra tegunda. Tungumál manna er byggt upp af einingum sem hægt er að setja saman á mismunandi hátt og tjá óendanlega margt.⁷ Talið er að börn búi yfir meðfæddum hæfileika til að læra tungumál og að þau þurfi að læra móðurmál sitt fyrir um sex ára aldur til að ná fullum tókum á framburði og málfræði þess.⁸ Um tólf mánaða aldur hafa börn yfirleitt náð tókum á skynjun hljóðkerfis eigin móðurmáls⁹ þótt þau séu ekki enn farin að mynda öll máhljóðin. Börn byrja almennt að hjala um 4-6 mánaða aldur og rannsóknir sína að börn mynda máhljóð í hjali sem ekki koma fyrir í móðurmáli þeirra. Eftir því sem börn eldast setur hljóðkerfi móðurmáls þeirra meiri svip á hjalið og um eins árs aldur fara börn að mynda hljóðastrengi með merkingu. Þar með hafa þau myndað fyrsta orðið.¹⁰ Tilbrigði finnast þó í tungumálum og þ.m.t. í framburði. Í íslensku er tvinnhljóðaframburður dæmi um slíkt tilbrigði.¹¹ Ekki hafa verið gerðar margar rannsóknir á þessum framburði í íslensku og rannsóknir á framburði íslenskra barna hafa oft á tíðum ýmist ekki skoðað tvinnhljóðaframburð eða ekki fundið hann í máli barnanna sem rannsökuð hafa verið.¹² Bjarki Karlsson (2007) rannsakaði þó þetta tilbrigði í íslensku og niðurstöður hans sýndu að framburðurinn var algengur hjá þátttakendum.¹³

2.1 Máltaka barna

Þegar börn læra að tala er almennt talað um máltöku en ekki málnám. Þetta orðalag gefur til kynna að ekki sé hefðbundið nám á ferðinni eins og t.d. lestrarnám sem kenna þarf börnum.¹⁴ Einnig er máltaka barna ólík námi fullorðinna á erlendu máli sem fer aðallega fram í kennslustofu.¹⁵ Börn læra ekki málið með því að herma eftir því sem þau heyra í kringum sig heldur byggja þau upp kerfi málfræðireglna út frá málfláginu í kringum sig. Ekki þarf að setjast niður með þeim og kenna þeim málfræðireglur til þess að þau læri málfræðina.¹⁶ Talið er að börn byrji ekki frá grunni þegar þau taka tungumál heldur búi þau yfir einhvers konar

⁷ Fromkin o.fl. 2014:16-17

⁸ Sigríður Sigurjónsdóttir 2002:6; Sigríður Sigurjónsdóttir 2000:30

⁹ Fromkin o.fl. 2014:397-399; Sigríður Sigurjónsdóttir 2002:6-7

¹⁰ Sigríður Sigurjónsdóttir 2002:7

¹¹ Eiríkur Rögnvaldsson 2017:15,90

¹² Indriði Gíslason o.fl. 1986:75-76; Þóra Másdóttir 2008:82-83

¹³ Bjarki Karlsson 2007: kafli 3.1-3.2

¹⁴ Jörgen Pind 2005:501

¹⁵ Birna Arnbjörnsdóttir 2007:52-54

¹⁶ Fromkin ofl. 2014:395

meðfæddum hæfileika til að tileinka sér tungumál.¹⁷ Rannsóknir sýna að í vinstra heilahveli fólks eru sérhæfðar málstöðvar sem sjá um mismunandi þætti móðurmálsins. Einnig lítur út fyrir að máltöku manna séu sett ákveðin tímamörk. Máltökuskeið eða markaldur í máltöku er tímabilið milli fæðingar og kynþroskaskeiðs.¹⁸ Rannsóknir benda einnig til að börn nái ekki fullum tókum á málfræði móðurmáls fari máltakan fram eftir fjögurra til sex ára aldur.¹⁹ Börn byrja snemma að vinna úr máhljóðum í kringum sig, við fæðingu eða jafnvel fyrr.²⁰ Þótt börn byrji snemma að vinna úr máhljóðum byrja þau yfirleitt ekki að mynda máhljóð fyrr en þau eru orðin um 4-6 mánaða gömul, þegar þau fara að hjala. Ungabörn mynda hins vegar einnig máhljóð sem ekki finnast í móðurmáli þeirra þegar þau hjala en með aldrinum líkist hjalið meira og meira móðurmáli barnsins. Börn mynda síðan fyrsta orð sitt, hljóðastreng með ákveðinni merkingu, um eins árs aldur.²¹

2.1.1 Flokkamiðuð talskynjun

Ungabörn hafa, líkt og fullorðnir, flokkamiðaða talskynjun. Það þýðir að þau greina mun hljóða sem tilheyra mismunandi hljóðönnum (e. *phoneme*) en greina ekki mun á sama hljóðani þó að sami eðlisfræðilegi munur sé á hljóðunum. Sem dæmi komust Peter Eimas og félagar (1971) að því í rannsókn sinni að eins mánaðar gömul ungarbörn sem voru að tileinka sér ensku skynjuðu muninn á raddaða lokhljóðinu *b* og óraddaða lokhljóðinu *p*, en gerðu ekki greinamun á mismunandi afbrigðum hvors hljóðans þótt um sama hljóðeðlisfræðilega mun hafi verið að ræða.²² Í kringum sex mánaða aldur geta ungarbörn einnig greint á milli sérhljóða.²³ Mannfólk virðist hafa meðfædda hæfileika til að skynja mun á mörgum hljóðönnum. Ef móðurmál barns nýtir slíka meðfædda aðgreiningu milli ákveðinna hljóðana þá heldur barnið áfram að greina á milli hljóða sem tilheyra þessum hljóðönnum. Það er einnig ungarbörnum meðfætt að greina mun á hljóðönnum sem ekki er gerður greinamunur á í móðurmáli þeirra. Sem dæmi heyra japönsk ungarbörn mun á sveifluhljóðinu /r/ og hliðarhljóðinu /l/ en það geta flestir fullorðnir Japanar ekki. Frá því um sex mánaða aldur fara börn að tapa þessum meðfædda hæfileika og aðlaga sig að málkerfi eigin móðurmáls. Börn tapa flokkamiðaðri talskynjun á milli sex til tólf mánaða

¹⁷ Sigríður Sigurjónsdóttir 2002:6

¹⁸ Lenneberg 1967

¹⁹ Sigríður Sigurjónsdóttir 2000:30

²⁰ Sigríður Sigurjónsdóttir 2002:6; O'Grady 2005:143

²¹ Sigríður Sigurjónsdóttir 2002:7

²² Sigríður Sigurjónsdóttir 2002:6-7; Eimas o.fl. 1971

²³ O'Grady 2005:145

aldurs og hafa þá eins hljóðskynjun og fullorðnir sem tala sama mál. Móðurmálið hefur því mótandi áhrif á börn og málkennd þeirra frá afar ungum aldri.²⁴

2.1.2 Hljómfall og hreimur

Hvítvoðungar búa ekki einungis yfir flokkamiðaðri talskynjun. Ungabörn allt niður í fjögurra daga gömul geta greint á milli nokkurra mismunandi flokka tungumála eftir hljómfalli þeirra. Börn glata þessum hæfileika hins vegar um nokkurra mánaða aldur. Um fimm mánaða aldur eru börn orðin færari í að aðgreina móðurmál sitt frá erlendum málum í sama hljómfallsflokki. Með því að einbeita sér að hljóðkerfi móðurmáls síns glata börn jafnframt að einhverju leyti getu sinni til að tala erlend mál án hreims. Áður var talið að börn hefðu getu til að ná tökum á erlendum hreim fram að kynþroska eða um það leyti sem markaldri í máltöku lýkur. Nýlegri rannsóknir benda hins vegar til að hæfnin til að ná tökum á erlendum framburði liggi í bernsku en ekki við kynþroska.²⁵

Því fyrr sem barn lærir annað mál (e. *second language*) því meiri líkur eru á að það muni ná góðum tökum á málinu. Talað er um annað mál þegar málhafi lærir málið í umhverfi og menningu málsins en erlent mál (e. *foreign language*) ef málhafi lærir málið ekki í málumhverfi þess heldur að mestu leyti innan kennslustofu í öðru landi.²⁶ Ef barn lærir annað eða erlent mál eftir sex ára aldur er ólíklegt að það nái tökum á hreimlausum framburði. Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á sambandi milli aldurs máltöku ensku sem annars máls og hæfni málhafa í enskum framburði. Þær sýndu að samband væri milli yngri aldurs máltöku annars máls annars vegar og hreimlauss framburðar hins vegar. Jafnvel þótt barn læri annað mál fyrir sex ára aldur er það samt sem áður ekki trygging fyrir því að það nái hreimlausum framburði. Bæði magn og gæði ílags geta haft áhrif.²⁷ Samkvæmt rannsókn Indriða Gíslasonar o.fl. (1986) er málkerfi móðurmáls enn að þróast á þessum tíma og það gæti því e.t.v. haft sitt að segja. Rannsókn Indriða o.fl. gefur einnig til kynna að börnum fari mikið fram í framburði á fimmta ári.²⁸ Þetta passar við áður nefnt aldursbil fyrir nám annars máls án erlends hreims. Það er því e.t.v. vænlegt til að börn nái hreimlausum framburði annars máls að þau læri hljóðkerfi þess um það leyti sem þau læra hljóðkerfi móðurmáls síns.²⁹

²⁴ Fromkin o.fl. 2014:397-399; Sigríður Sigurjónsdóttir 2002:6-7

²⁵ Jörgen Pind 2005:500

²⁶ Birna Arnbjörnsdóttir 2007:52-54

²⁷ DeKeyser og Larson-Hall 2005:90-93

²⁸ Indriði Gíslason o.fl. 1986:52

²⁹ DeKeyser og Larson-Hall 2005:90-93

2.2 Hjólðkerfi íslenskunnar

Framburður íslenskunnar byggir á máhljóðum líkt og önnur raddmál. Íslenskan hefur 13 sérhljóð sem skiptast í einhljóð og tvíhljóð. Þar af eru átta einhljóð, sjá töflu 1.

	Frammælt		Uppmælt	
	Ókringt	Kringt	Ókringt	Kringt
Nálægt	i			u
Hálfnálægt	ɪ	ʏ		
Hálffjarlægt	ɛ	œ		ɔ
Fjarlægt			a	

Tafla 1: Einhljóð í íslensku

Tvíhljóðin fimm eru [ai], [au], [ou], [ei] og [œy]. Sérhljóðin geta verið bæði stutt og löng.³⁰ Samhljóðin eru hins vegar 30 talsins en þau skiptast í fleiri flokka,³¹ sjá töflu 2.

Myndunar- háttur

Myndunarstaður

	Varamælt/ tannvaramælt	Tann- mælt	Tannbergs- mælt	Framgóm- mælt	Uppgóm- mælt	Raddbanda- mælt
Lokhljóð						
Ófráblásin	p	t		c	k	(?)
Fráblásin	p ^h	t ^h		c ^h	k ^h	
Önghljóð						
Rödduð	v	ð		j	ʝ	
Órödduð	f	θ	s	ç	x	h
Nefhljóð						
Rödduð	m		n	ɲ	ŋ	
Órödduð	m̥		n̥	ɲ̥	ŋ̥	
Hliðarhljóð						
Rödduð			l			
Órödduð			l̥			
Sveifluhljóð						
Rödduð			r			
Órödduð			r̥			

Tafla 2: Samhljóð í íslensku

³⁰ Eiríkur Rögnvaldsson 2017:43; Kristján Árnason 2005:124-125

³¹ Eiríkur Rögnvaldsson 2017:14-15; Kristján Árnason 2005:154-155

Sum þessara samhljóða eru flokkuð sem hljóðbrigði (e. *allophone*) af einu og sama hljóðaninu í hljóðkerfi málsins, þ.e. afbrigði ákveðins hljóðans sem kemur einungis fyrir í tilteknum aðstæðum. Hljóðbrigði standa ýmist í fyllidreifingu eða frjálstri dreifingu hvort við annað. Standi þau í fyllidreifingu þýðir það að þau geta ekki komið fyrir í sama umhverfi. Sem dæmi má nefna að óraddaða sveifluhljóðið [r̥] og raddaða sveifluhljóðið [r] eru hljóðbrigði hljóðansins /r/ og standa í fyllidreifingu. Óraddaða hljóðið [r̥] kemur fyrir á undan óródduðum hljóðum eða aftast í orði en raddaða hljóðið [r] annars staðar, t.d. *herða* [hɛrða] en *hert* [hɛrt].³² Standi hljóð hins vegar í frjálstri dreifingu geta þau staðið í sama umhverfi án þess að það hafi áhrif á merkingu orðs.³³ Dæmi um frjálsta dreifingu máhljóða í íslensku er t.d. lokhljóð á eftir löngu sérhljóði í inn- og bakstöðu. Í máli flestra landsmanna eru þessi hljóð ófráblásin en í máli harðmæltra eru þau hins vegar fráblásin, t.d. *reka* [rɛ:ka] í linmæli en *reka* [rɛ:kʰa] í harðmæli.³⁴

Íslensku máhljóðin sem talin eru upp í töflum 1 og 2 tilheyra hefðbundnum íslenskum framburði en til eru nokkur máhljóð eða afbrigði máhljóða sem teljast hvorki til hefðbundins framburðar né staðbundinna mállýskna. Þar má t.d. nefna höggmæli og tvinnhljóðaframburð. Höggmæli felst í því að raddbandalokhljóð, hljóðritað [ʔ], er borið fram í samhljóðaklasa í innstöðu í stað annars lokhljóðs, en þetta tákn má sjá í töflu 2, innan sviga. Höggmæli getur t.d. komið fram í orðum eins og *Bjarni* [pjaʔni] og *ofn* [ɔʔn]. Framburðurinn er ekki tengdur við ákveðinn landshluta en virðist algengari í máli barna og yngra fólks.³⁵ Tvinnhljóðaframburður er einnig nýjung í íslensku sem er ekki landshlutabundin. Hann kemur yfirleitt fram í orðum með /tj/ eða /dj/ í stafsetningu. Þessir samhljóðaklasar eru þá bornir fram með tvinnhljóði, einhvers konar önghljóði með svipaðan myndunarstað og lokhljóðið í klasanum, í stað hefðbundna lokhljóðaframburðarins [tʰj]/[tj]. Samhljóðaklasi með tvinnhljóði í íslensku er ýmist hljóðritaður sem [tʰj]/[tʰj] eða [tʰ]/[tʰ], t.d. *tjald* [tʰalt] og *djöfull* [tʰjœ:vʰtʰ].³⁶

2.3 Tvinnhljóð

Tvinnhljóð koma fyrir í hefðbundnum framburði í mörgum málum. Tvinnhljóðum svipar til lokhljóða hvað varðar myndun þeirra. Lokhljóð eru mynduð á þann hátt að lokun verður einhvers staðar í munni, t.d. við tannberg. Loftstraumur frá lungum stoppar við þessa lokun og síðan er lofti sleppt út með hveli.³⁷ Tvinnhljóð eru einnig mynduð með lokun en í stað þess að

³² Kristján Árnason 2005:122-124; Eiríkur Rögnvaldsson 2017:15

³³ Eiríkur Rögnvaldsson 2017:67

³⁴ Eiríkur Rögnvaldsson 2017:56

³⁵ Eiríkur Rögnvaldsson 2017:34,90

³⁶ Eiríkur Rögnvaldsson 2017:15,90

³⁷ Carr 2013:6

opnað sé snögglega fyrir lokunina, sem þá gerist með hveli, er opnað hægt fyrir loftstrauminn með öngljóði mynduðu á sama eða svipuðum myndunarstað. Í málkerfi ensku finnast tvö slík tvinnhljóð. Það er annars vegar raddaða hljóðið [dʒ] og hins vegar óraddaða hljóðið [tʃ]. Þessi hljóð eru bæði tannbergs-gómmælt (e. *post-alveolar*). Raddaða hljóðið finnst í upphafi orða eins og *joy* [dʒoi] og í lok orða eins og *badge* [bædʒ]. Hið óraddaða finnst í upphafi orða eins og *chip* [tʃip] og í lok orða eins og *itch* [ɪtʃ].³⁸

Báðir hlutar þessara tvinnhljóða koma fyrir sem stök hljóð í ensku máli. Tannbergsmæltu lokhljóðin [t] og [d] geta staðið í fram-, inn og bakstöðu og óraddaða tannbergs-gómmæltu öngljóðið [ʃ] getur einnig staðið í fram-, inn- og bakstöðu orða. Það kemur fyrir í orðum eins og *ship* [ʃip], *fashion* [fæʃən] og *mesh* [meʃ]. Raddaða tannbergs-gómmæltu öngljóðið [ʒ] er hins vegar heldur sjaldgæfara eitt og sér og kemur helst fyrir í innstöðu. Það kemur einnig oftast fyrir í tökuorðum, t.d. úr frönsku. Dæmi um orð þar sem raddaða öngljóðið [ʒ] kemur fyrir er *usual* [ju:zuəl]. Ef litið er til íslenska hljóðkerfisins hins vegar, þá geta einungis lokhljóðin [t] og [tʰ] staðið ein og sér en öngljóðið [ʃ] sem á eftir fylgir í tvinnhljóðinu kemur ekki fyrir í íslensku almennt³⁹, þ.e. ef kosið er að greina tvinnhljóða-framburðinn í íslensku sem [tʃ] í stað [tʃʰ].

Auk tvinnhljóða fyrirfinnst einnig málhljóð mitt á milli tvinnhljóða og almennra lokhljóða, kölluð háltvinnhljóð (e. *affricated stop*), í málum heimsins. T.a.m. finnst tannbergsmælt háltvinnhljóð í dönsku, gjarnan hljóðritað [tʰ]. Þetta hljóð kemur fyrir í hefðbundnum framburði margra Dana.⁴⁰ Hljóðið getur einungis staðið í framstöðu sem hljóðbrigði af hljóðaninu /t/, t.d. *thor* [tʰoʀ] en aftur á móti *lette* [lɛdɐ] og *sæt* [sɛd] ([lɛtɐ] og [sɛt] skv. alþjóðlegri hljóðritun). Hörðu lokhljóðin /p t k/ og linu lokhljóðin /b d g/ falla saman í dönsku í innstöðu og orð eins og *lækker* og *lægger* eru því borin eins fram. Bæði hljóðbrigði hljóðansins /t/, fráblásið [tʰ] og háltvinnhljóðið [tʰ], standa í frjálsri dreifingu í framstöðu, þ.e. munurinn er ekki merkingargreinandi.⁴¹ Háltvinnhljóðið er gjarnan flokkað með fráblásnu lokhljóðunum [pʰ], [tʰ] og [kʰ]⁴², en það er vegna þess að þessi hljóð eiga það sameiginlegt að geta einungis staðið í framstöðu. Rétt eins og í linmæli í íslensku, sem kemur þó aðeins fyrir á eftir löngu sérhljóði, koma órödduð ófráblásin hljóðbrigði lokhljóðanna aðeins fyrir í innstöðu í dönsku.⁴³

³⁸ Carr 2013:11-12; Roach 2005:48-49; Ladefoged og Johnson 2011:67

³⁹ Carr 2013:7; Eiríkur Rögnvaldsson 2017:90; Roach 2005:33; Roach 2005:52

⁴⁰ Grønnum 1998:109

⁴¹ Grønnum 1998:30-35

⁴² Grønnum 1998:39,102

⁴³ Grønnum 1998:107; Eiríkur Rögnvaldsson 2017:61

Einnig eru dæmi um að tannbergsmælt háltvinnhljóð komi fyrir í ensku. Buizza og Plug (2012) gerðu rannsókn á framburði lokhljóðsins /t/ í hefðbundnum framburði samkvæmt breskum málstaðli (e. *received pronunciation*). Notast var við 1000 framburðarmyndir af /t/ úr sjálfsprottnu tali 20 málhafa. Þrjú framburðarafbrigði voru könnuð; lokhljóðaframburður [t], háltvinnhljóðsframburður [t^s] og öngljóðaframburður, hljóðritaður [t̥] í rannsókninni. Ekki er algengt að talað sé um háltvinnhljóðið [t^s] sem hljóðbrigði af hljóðaninu /t/ í staðlaðri breskri ensku en þó eru vísbendingar um að þessi framburður sé nokkuð algengur. Markmið rannsóknar Buizza og Plug var að kanna í hvaða umhverfi háltvinnhljóðið [t^s] kæmi helst fram í staðlaðri breskri ensku. Hljóðið var skoðað í öllum umhverfum mismunandi atkvæðagerða, nema á undan hljóðunum /s, ʃ, j, w, ɹ/ þar sem eftirfarandi öngljóð hefur áhrif á framburð /t/ og þegar tannbergs-gómmæltu hljóðin /ʃ, j, ɹ/ fylgja á eftir /t/ en þá er lokhljóðið vanalega frekar tannbergs-gómmælt fremur en tannbergsmælt. Vegna þessa töldu Buizza og Plug vafasamt að kanna /t/ í þessum umhverfum.⁴⁴

Rannsóknin sýndi að í um 10% tilfella var /t/ borið fram sem háltvinnhljóð. Allir málnotendurnir 20 notuðu háltvinnhljóðið a.m.k. einu sinni og flestir mynduðu þetta hljóð oft.⁴⁵ Raunar virtist einstaka sinnum fylgja einhver blástur með háltvinnhljóðinu þannig að fyrst var myndað öngljóð við tannbergið og síðan kom blástur frá raddglufunni þegar tungan færðist frá tannberginu.⁴⁶ Þetta minnir á tillögu Bjarka Karlssonar (2007) um að háltvinnhljóð í íslensku sé hljóðritað [t^{sh}].⁴⁷ Ekki var gerður greinamunur í rannsókn Buizza og Plug á /t/ í framstöðu á undan mismunandi sérhljóðum⁴⁸ og því mætti gera ráð fyrir að eftirfarandi sérhljóð hafi ekki haft áhrif á niðurstöður.

2.4 Íslenskar rannsóknir á tvinnhljóðaframburði

Margar rannsóknir hafa verið gerðar á íslenskum framburðarmállýskum og tilbrigðum í framburði íslensku í gegnum tíðina. Þótt íslenskt málsamfélag sé heldur smátt hefur máltaka barna einnig verið rannsökuð að þessu leyti. Ekki hafa þó margar íslenskar rannsóknir verið gerðar á íslenskum tvinnhljóðaframburði, þar má helst nefna rannsókn Bjarka Karlssonar (2007). Samhljóðaklasar hafa þó verið skoðaðir í rannsóknnum á máli og máltöku barna með

⁴⁴ Buizza og Plug 2012:5-8

⁴⁵ Buizza og Plug 2012:8

⁴⁶ Buizza og Plug 2012:9

⁴⁷ Bjarki Karlsson 2007: kafli 3.5

⁴⁸ Buizza og Plug 2012:8

tilliti til ýmissa tilbrigða. Hér verða nokkrar íslenskar rannsóknir sem við koma íslenskri máltöku, hljóðkerfi og framburði skoðaðar.

2.4.1 Rannsókn Bjarka Karlssonar (2007)

Bjarki Karlsson rannsakaði tvinnhljóðaframburð í íslensku í meistararitgerð sinni árið 2007. Þátttakendum voru sýndar myndir og þeir síðan beðnir um að segja hvað væri á þeim. Þeir voru einnig beðnir um að lesa stuttan texta upp af blaði.⁴⁹ Könnunin tók til 52 þátttakenda. Mest áhersla var lögð á unga málnotendur og því var meginhluti þátttakenda á aldrinum 14-16 ára eða 42 samtals. Fjórir þátttakendur voru á aldrinum 20-60 ára og fjórir yfir 60 ára. Tvö viðtöl voru ónothæf og því aðeins unnið úr 50 upptökum. Fólk af bæði harðmælis- og linnmælisvæði var kannað og voru 24 þátttakendanna aldir upp á Suðvesturlandi en 26 á Norðurlandi.⁵⁰ Niðurstöður Bjarka sýndu að tvinnhljóðaframburður finnst í íslensku, í öllum aldurshópunum sem prófaðir voru. Þessi framburður var meira að segja nokkuð algengur meðal þátttakenda, því einungis 6% málhafa heyrðist aldrei nota tvinnhljóð. Blandaður framburður bæði tvinn- og lokhljóða í sama umhverfi var samt algengastur.⁵¹ Ungu fólkið sem prófað var fékk hærri einkunn fyrir tvinnhljóðaframburð en hið eldra en rétt er að hafa í huga að mun fleira ungt fólk var prófað en fullorðnir. Einnig fékk fólk á Suðurlandi hærri einkunn en á Norðurlandi og konur hærri einkunn en karlar,⁵² sjá töflu 3.

	#tjV[-kr]	#tjV[+kr]	Niðurstöður Bjarka sýndu einnig að samhljóða- klasinn <i>tj-</i> í framstöðu var líklegastur til að fá tvinnhljóðaframburð, sá framburður fékk meðal- einkunnina 164 á undan ókringdu sérhljóði en 163 á undan kringdu sérhljóði, sjá töflu 3. Framburði er gefin einkunn á bilinu 100-200 þar sem 100 þýðir að framburðurinn kom ekki fram, 200 þýðir að framburðurinn kom fram en einkunnin 150 er gefin fyrir vafa eða hálfamburð. Samhljóða-
Allir	164	163	
Karlar	161	160	
Konur	168	167	
Undir 20 ára	166	165	
20-60 ára	158	155	
Yfir 60 ára	135	140	
Suðurland	173	178	
Norðurland	155	151	

Tafla 3: Niðurstöður Bjarka Karlssonar.

⁴⁹ Bjarki Karlsson 2007: kafli 2.1

⁵⁰ Bjarki Karlsson 2007: kafli 2.2

⁵¹ Bjarki Karlsson 2007: kafli 3.2-3.3

⁵² Bjarki Karlsson 2007: kafli 3.4

klasarnir *dj* í framstöðu og *tj* í innstöðu voru hins vegar heldur ólíklegri til að tvinnhljóðast, en þeir fengu meðaleinkunnina 121 annars vegar og 118 hins vegar. Enn óalgengara var að *tj*- yfir orðhlutaskil, *tí*-, *t*- eða *d*- í framstöðu á undan öðru sérhljóði en *í* eða *stj* fengju tvinnhljóðaframburð.⁵³

Framburður eins og áður sagði var flokkaður í þrennt; skýrt tvinnhljóð, millihljóð eða vafasaman framburð og loks skýr lokhljóðsframburður. Mikill meirihluti orða með *tí*- í framstöðu var merktur sem millihljóð eða vafi eða 95%. Bjarki telur þetta háltvinnhljóð sem rita mætti þá [t^s] eða [t^{sh}]. Auk þessa kemst Bjarki að þeirri niðurstöðu að tvinnhljóð í íslensku líkist heldur tvinnhljóðum sem finnast í dönsku og þýsku, þ.e. [t^{sh}]/[t^{sj}], en þeim sem finnast í ensku, [t^h]/[t^j]. Það var þó ekki algilt og tvinnhljóðaframburður þátttakenda var nokkuð einstaklingsbundinn.⁵⁴

Áður nefnt háltvinnhljóð [t^s]/[t^{sh}] í ensku virðist skera sig frá tvinnhljóðaframburði í íslensku að einhverju leyti. Rétt er að hafa í huga að ekki var gerður greinamunur í rannsókn Buizza og Plug (2012) á /t/ í framstöðu á undan mismunandi sérhljóðum⁵⁵ og því má e.t.v. gera ráð fyrir að það hvort eftirfarandi sérhljóð var kringt eða ókringt hafi ekki haft áhrif á niðurstöður. Í rannsókn Bjarka Karlssonar (2007) kemur hins vegar fram að tvinnhljóðaframburður á *tí*- og *dí*- var óalgengur en tvinnhljóðaframburður í umhverfinu #tV[÷í], þ.e. orð sem hefist á *t* þegar eftirfarandi sérhljóð er annað en *í*, var nánast enginn. Þar sem munur á kringingu var lítill á *tj*- í framstöðu var sá munur ekki talinn umfram það sem má sjá í töflu 3.⁵⁶ Tvinnhljóðaframburður í íslensku virðist því samkvæmt niðurstöðum Bjarka helst koma fram á *tj*- í framstöðu.⁵⁷

2.4.2 Rannsókn Indriða Gíslasonar o.fl. (1986)

Rannsóknin *Framburður og myndun fleirtölu hjá 200 íslenskum börnum* (1986) var birt undir nafni Indriða Gíslasonar, Sigurðar Konráðssonar og Benedikts Jóhannessonar en þeir fengu einnig aðstoð frá Jóni Gunnarssyni við samningu prófsins og framkvæmd rannsóknarinnar og Ásgeirs S. Björnssonar við skipulagningu.⁵⁸ Framburður og fleirtölu myndun 200 íslenskra barna fyrst við fjögurra ára aldur og svo aftur við sex ára aldur var rannsakaður. Börnunum

⁵³ Bjarki Karlsson 2007: kafli 3.5

⁵⁴ Bjarki Karlsson 2007: kafli 3.3

⁵⁵ Buizza og Plug 2012:8

⁵⁶ Bjarki Karlsson 2007: kafli 3.5

⁵⁷ Bjarki Karlsson 2007: kafli 3.3

⁵⁸ Indriði Gíslason o.fl. 1986:vi

voru sýndar myndir og reynt var að fá þau til að segja orðin upp á eigin spýtur.⁵⁹ Hvert barn var prófað tvisvar sinnum bæði við 3;6-4;6 ára aldur og síðan aftur við 5;6-6;6 ára aldur. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að um sex ára aldur höfðu börnin sem prófuð voru náð allgóðum tókum á íslenskum framburði. Mun meiri munur var á getustigi barnanna innbyrðis við fjögurra ára aldur en við sex ára aldur. Þau börn sem höfðu átt erfiðara með framburð við fyrri prófunina höfðu flest náð hinum börnunum í getu við sex ára aldur. Þessar niðurstöður gefa til kynna að börnum fari mikið fram í framburði á fimmta ári.⁶⁰

Indriði Gíslason o.fl. (1986) rannsökuðu flesta samhljóðaklasa íslenskunnar í bæði fram-, inn- og bakstöðu. Þar á meðal var samhljóðaklasinn *tj-* í framstöðu. Hefðbundinn framburður var mest áberandi fyrir þennan klasa en einnig komu fram brottfall og skipti og þá heldur á orðinu *tjald* en *tjörn* en þetta voru þau tvö orð sem prófuð voru með klasann *tj-* í framstöðu. Þessu fráviki er lýst sem framgómmæltu lokhljóði í bók Indriða og féлага og ritað sem *kjald* [c^hald].⁶¹ Ekki lítur því út fyrir að um tvinnhljóðaframburð sé þar að ræða og höfundar nefna ekki þann framburð í riti sínu.

2.4.3 Rannsókn Þóru Másdóttur (2008)

Þóra Másdóttir rannsakaði hljóðkerfi og hljóðþróun ungra íslenskra barna – bæði barna sem ganga í gegnum hefðbundna máltöku og barna með málþroskaröskun – í doktorsrannsókn sinni árið 2008. Markmið rannsóknarinnar var m.a. að lýsa hljóðkerfi íslenskumælandi barna á aldrinum 2;4-3;4 með eðlilegan málþroska með því að gera langsniðsrannsókn.⁶² 28 börn með hefðbundinn málþroska voru valin af handahófi í gegnum Hagstofu Íslands, 14 stúlkur og 14 drengir, öll frá höfuðborgarsvæðinu. Fylgst var með börnunum yfir eins árs tímabil og þau prófuð við 28 mánaða aldur og aftur við 40 mánaða aldur. Börnunum voru sýndar myndir og reynt var að fá þau til að segja orðin á myndunum sjálf.⁶³

Markmið rannsóknar Þóru Másdóttur var m.a. að kanna hvernig hljóðkerfi barna þróast og í hvaða röð ætla megi að málhljóð komi fram í máli íslenskumælandi barna almennt á þessum aldri.⁶⁴ Við fyrri prófunina, þegar börnin voru 2;4 ára, höfðu þau náð tókum á eftirfarandi hljóðum: Ófráblásnu lokhljóðunum [p, t, k] (að undanskildu framgómmæltu lokhljóðinu [c]), rödduðu nefhljóðunum [m] og [n], raddaða hliðarhljóðinu [l], önghljóðinu [s]

⁵⁹ Indriði Gíslason o.fl. 1986:11-12

⁶⁰ Indriði Gíslason o.fl. 1986:52

⁶¹ Indriði Gíslason o.fl. 1986:75-76

⁶² Þóra Másdóttir 2008:45

⁶³ Þóra Másdóttir 2008:48-52

⁶⁴ Þóra Másdóttir 2008:143

og nálgunarhljóðunum [j] og [v] (í þessari rannsókn var /v/ flokkað sem nálgunarhljóð í stað önglhjóðs eins og venja er og þ.a.l. hljóðritað sem [v]), sjá töflu 4. Við seinni prófun, þegar börnin voru orðin 3;4 ára, höfðu þau hins vegar náð tökum á öllum máhljóðum íslensku nema [r], [θ], [ð] (/ð/ er hér flokkað sem nálgunarhljóð og því hljóðritað [ð]), rödduðu uppgómmæltu önglhjóði [ɣ] (hljóðritað [uɣ] hjá Þóru og flokkað sem nálgunarhljóð) og órödduðum hljóföndum: [l̥], [r̥] og [ŋ̥],⁶⁵ sjá töflu 4.

Aldur	2;4 ára	3;4 ára
Staða	Fram- og innstaða	Fram- og innstaða
Hafa náð valdi á	p, t, k, v, s, j, m, n, l	p ^h , p, t ^h , t, c ^h , c, k ^h , k, m, n, v, f, s, j, h, l, ç
Eru að lærast	p ^h , t ^h , c ^h , c, k ^h , f, θ, ð, h, ç, uɣ, ŋ̥, l̥, r, r̥	θ, ð, uɣ, ŋ̥, l̥, r, r̥

Tafla 4: Niðurstöður Þóru Másdóttur

Ekki er sérstaklega greint frá tvinnhljóðaframburði í máli barna í þessari rannsókn Þóru Másdóttur. Bæði samhljóðaklasar og stök samhljóð voru könnuð, í fram-, inn- og bakstöðu. Framstöðuklössum var hins vegar skipt í flokka en ekki taldir einir og sér, líklegast þar sem um ansi marga klasa var að ræða. Þessa flokka má sjá í (1):

- (1) CC (tvö samhljóð), CCC (þrjú samhljóð), lokhljóð + /s/, /s/ + C, /s/ + lokhljóð, lokhljóð + /r/, fr/θr, fl og p^h/k^h/pl/kl.

Klasarnir /tj/ og /dj/ falla vissulega undir flokkinn CC en ekki lítur út fyrir að framburður á /tj/ eða /dj/ hafi verið kannaður sérstaklega.⁶⁶ Það er þess vegna lítið að segja um tvinnhljóðaframburð hjá svo ungum íslenskum börnum eða hvort hann komi fyrir á meðan hljóðkerfi ungra íslenskra barna er enn að þróast.

Þó má þess geta að Þóra Másdóttir (2008) ber niðurstöður sínar saman við önnur mál, eins og t.d. ensku, þýsku og sænsku, varðandi það hvenær börn sem eru að taka mismunandi mál ná almennt tökum á hvaða máhljóðum. Í ritgerð hennar kemur fram að nokkrar rannsóknir sem gerðar hafa verið á hljóðkerfi ensku og hljóðþróun enskumælandi barna sýni að börn frá 2;0 ára aldri upp í 3;5 ára aldur hafa almennt ekki náð fullum tökum á tvinnhljóðunum [tʃ] og [dʒ] í ensku.⁶⁷ Það gæti því e.t.v. skýrt hvers vegna tvinnhljóðaframburður hafi ekki komið fram hjá íslensku börnunum – ef hann var yfirhöfuð kannaður. Tvinnhljóðaframburður virðist

⁶⁵ Þóra Másdóttir 2008:122-124

⁶⁶ Þóra Másdóttir 2008:82-83

⁶⁷ Þóra Másdóttir 2008:122-124; Dodd o.fl 2003:635

einnig nokkuð nýlegt fyrirbæri í íslensku⁶⁸ og gæti það verið möguleg ástæða fyrir því að hann komi hvorki fram í rannsókn Indriða Gíslasonar o.fl. (1986) né virðist koma fyrir í rannsókn Þóru Másdóttur (2008) en báðar könnuðu þær framburð íslenskra barna á máltökuskeiði. Eitthvað virðist þó bera á tvinnhljóðaframburði fyrir aldamótin síðustu því í *Handbók um málfar í talmiðlum* eftir Ari Pál Kristinsson (1998) er fólki ráðlagt að bera fram „hrein t- og d-hljóð“ í orðum sem hefjast á *tj-* og *dj-* í stað framburðar sem ritaður er „tsjald“ og „dsjákni“⁶⁹ en þar virðist einmitt átt við að um tvinnhljóðaframburð sé að ræða.

⁶⁸ Eiríkur Rögnvaldsson 2017:90

⁶⁹ Ari Páll Kristinsson 1998:40

3 Enska á Íslandi

Enska hefur rutt sér til rúms í íslensku samfélagi á undanförunum árum, m.a. vegna snjalltækja-byildingarinnar, gagnvirkra tölvuleikja sem iðulega eru spilaðir á ensku, talstýringar tækja og alþjóðavæðingar. Þótt þetta hafi margar jákvæðar hliðar gætu þessar aðstæður e.t.v. skapað álag og þrýsting á íslenskt mál.⁷⁰ Staða ensku á Íslandi er umdeilanleg og e.t.v. nær öðru máli en erlendu máli.⁷¹ Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson hófu rannsókn árið 2016 á áhrifum ensku á íslensku með tilliti til tækni- og samfélagslegra breytinga undanfarinna ára eins og snjalltækjavæðingarinnar. Verkefnið ber heitið *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*.⁷²

3.1 Enska sem erlent eða annað mál á Íslandi

Sumir telja stöðu íslenskunnar vera ógnað í nútímasamfélagi vegna ágengni enskunnar. Með snjalltækjavæðingu nútímans er hætta á að íslensk börn á máltökuskeiði fái minna íslenskt ílag vegna minni samskipta milli fullorðinna og barna.⁷³ Í grein sinni *Er hrakspá Rasks að rætast?* (2015) ræðir Eiríkur Rögnvaldsson t.a.m. um hvort íslenska hafi á síðustu árum fallið niður um flokk á styrkleikaskala UNESCO, frá stigi 5, hæsta stigi, skilgreint sem „tungumálið er notað af fólki á öllum aldri“, niður á stig 4, skilgreint sem „sum börn nota tungumálið á öllum sviðum, öll börn nota málið á takmörkuðum sviðum“.⁷⁴

Staða ensku á Íslandi er þó kannski ekki svona einföld. Birna Arnbjörnsdóttir (2007) veltir upp þeirri spurningu hvort staða ensku á Íslandi sé nær öðru máli en erlendu máli. Eins og kom fram í kafna 2.1.2 er vanalega talað um annað mál þegar málhafi lærir málið í menningarumhverfi málsins en erlent mál ef málhafi lærir málið aðallega innan kennslustofu í landi þar sem málið er ekki talað. Íslensk börn læra alla jafna einhverja ensku af umhverfi sínu í dag, t.d. frá sjónvarpi, annarri dægurmenningu og snjalltækjum – en þó er misjafnt hvað börn læra mikla ensku af þessum miðlum.⁷⁵ Enskuílag er almennt nokkuð mikið í umhverfinu en íslensk börn eru þrátt fyrir það mjög misgóð í ensku. Þegar enskunám hefst í skólum hafa sum börn nú þegar lært eitthvað í ensku og getubilið breiðkar þar með enn meira.⁷⁶ Íslenskir nemendur virðast einnig standa sig almennt mun betur í talaðri hversdagslegri ensku en

⁷⁰ Eiríkur Rögnvaldsson 2015

⁷¹ Birna Arnbjörnsdóttir 2007:52-54

⁷² Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson 2018

⁷³ Sigríður Sigurjónsdóttir 2016

⁷⁴ Eiríkur Rögnvaldsson 2015

⁷⁵ Birna Arnbjörnsdóttir 2007:52-54

⁷⁶ Birna Arnbjörnsdóttir 2007:58-59

akademískri ensku.⁷⁷

Birna telur íslensk börn eiga mest sameiginlegt með því sem kallað hefur verið „generation 1.5“ í Bandaríkjunum sem e.t.v. mætti þýða sem „fyrstu og hálfu kynslóðina“. Fólki sem tilheyrir þessum hóp fellur ekki undir innflytjendur, það er altalandi á hversdagsmál en á erfiðara með fræðilegt mál, líkt og algengt er með enskukunnáttu Íslendinga. Íslendingar eru þó ólíkir þessum hópi í Bandaríkjunum að því leyti að algengt er að þetta fólk hafi litla sem enga lestrargetu í fyrsta máli sínu.⁷⁸ Ef enska yrði flokkuð sem annað mál á Íslandi í stað erlends máls yrði að haga kennsluháttum hennar á annan hátt. Enskukennsla hefst í seinasta lagi í fjórða bekk grunnskóla í dag en skólar hafa leyfi til að hefja enskukennslu fyrr. Birna telur ekki raunhæft að allir Íslendingar verði tvítyngdir með ensku sem annað mál en að breyttir kennsluhættir gætu bætt það sem vantar upp á enskukunnáttu Íslendinga, t.d. með tilliti til akademískrar ensku.⁷⁹ Athuga skal þó að snjalltækjavæðingin var ekki gengin í garð þegar þessi skrif Birnu birtust en snjalltækjabyltingin hefur aukið enskunotkun mikið í íslensku málsamfélagi.⁸⁰

Birna Arnbjörnsdóttir rannsakaði enskukunnáttu Íslendinga frekar í tveimur könnunum árið 2011. Önnur könnunin fór fram í gegnum síma þar sem 750 manns 18 ára og eldri voru spurðir út í enskunotkun og enskuflag sitt. Seinni könnunin var gerð á fjórtán Íslendingum en þeir voru beðnir um að halda enskudagbók þar sem þeir skráðu enskunotkun sína á venjulegum degi. Þessar rannsóknir sýndu að fólk var mun duglegra að hlusta á og lesa ensku en að tala og skrifa hana. Símakönnunin leiddi t.d. í ljós að 65% þátttakenda hlustaði á ensku daglega og 43% þátttakenda lásu ensku daglega en stærstur hluti lestrarins fór fram á netinu, þ.m.t. á samfélagsmiðlum. Hins vegar töluðu einungis 19% þátttakenda ensku daglega og 21% skrifaði ensku daglega. Þess má samt geta að mestur hluti töluðu enskunnar úr þessari könnun kom frá einum þátttakanda sem var leikari og flutti línur á ensku þann daginn. Niðurstöður ílagskönnunarinnar voru svipaðar, þátttakendur eyddu þrefalt meiri tíma í óvirka notkun ensku eða ílag (e. *input*), þ.e. hlustun og lestur, heldur en virka notkun sem mætti e.t.v. kalla frálag (e. *output*), þ.e. tal og ritun.⁸¹

⁷⁷ Birna Arnbjörnsdóttir 2007:52-54

⁷⁸ Birna Arnbjörnsdóttir 2007:62-63

⁷⁹ Birna Arnbjörnsdóttir 2007:66-67

⁸⁰ Sigríður Sigurjónsdóttir 2016

⁸¹ Birna Arnbjörnsdóttir 2011:2-8

3.2 Öndvegisverkefni um sambýli íslensku og ensku

Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson fengu öndvegisstyrk til þriggja ára frá Rannsóknarsjóði Íslands árið 2016 til að rannsaka áhrif ensku á íslenska tungu. Þau stýra verkefninu en ýmsir aðrir fræðimenn, bæði innlendir og erlendir, koma einnig að verkefninu sem ber heitið *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* (e. Modeling the Linguistic Consequences of Digital Language Contact, skammstafað MoLiCoDiLaCo og verður sú skammstöfun notuð hér eftir). Markmið verkefnisins er að rannsaka áhrif snjalltækja, stafrænna miðla og annarrar gagnvirkrar afþreyingar á íslenska tungu.⁸²

Víðtæk enskunotkun gæti mögulega haft áhrif á stöðu íslenskunnar sem og orðaforða, málkunnáttu og málnotkun Íslendinga. Einnig gæti jákvætt viðhorf til ensku haft sitt að segja og valdið þrengingu notkunarviða íslenskunnar.⁸³ Aukin enskunotkun hefur fylgt alþjóðavæðingu og snjalltækjabyltingu síðustu ára, ekki einungis á Íslandi heldur víðs vegar um heim. Mun meira enskuáreiti er í umhverfi fólks nú til dags en fyrir þessar samfélagsbreytingar. Alist börn upp við tvö tungumál á máltökuskeiði verða þau alla jafna tvítyngd. Nýlegar rannsóknir sýna að tvítyngi hefur jákvæð áhrif á vitsmunabroska og það veitir fólki einnig innsýn í tvo mismunandi menningarheima. Þótt tvítyngi sé yfirleitt jákvætt fyrir börn gæti það hins vegar verið vafasamt fyrir lítið málsamfélag eins og Ísland.⁸⁴ Mismunandi viðhorf til málanna tveggja í tvítyngdu samfélagi getur verið fyrsta stig í tungumáladauða. Minnkuð virðing fyrir þjóðtungunni getur ýtt undir að hitt málið nái yfirhöndinni, t.d. ef þjóðtungan er ekki nothæf á alþjóðavettvangi eða á þeim sviðum samfélagsins sem höfða helst til ungs fólks, t.d. afþreyingu og tækni.⁸⁵

Íslenska er notuð í MoLiCoDiLaCo-verkefninu sem dæmi um tungumál sem er undir auknum þrýstingi frá ensku, þar sem málsamfélagið er nógu stórt til að niðurstöður verði marktækar en nógu lítið til að hægt sé að framkvæma rannsóknina á nógu stórum hluta málhafa án of mikillar fyrirhafnar. Gert er ráð fyrir að hægt verði að alhæfa niðurstöður verkefnisins fyrir íslenskt málsamfélag sem og önnur tungumál í svipaðri stöðu. Lýsandi markmið verkefnisins er því að afla upplýsinga um enskt máláreiti og enskunotkun Íslendinga og auk þess áhrif enskunnar á málkunnáttu, málnotkun og viðhorf Íslendinga til íslensku og ensku. Markmiðið er að fá yfirlit yfir notkun bæði íslensku og ensku í íslensku nútímasamfélagi.

⁸² Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson 2018

⁸³ Sigríður Sigurjónsdóttir 2016

⁸⁴ Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson 2018

⁸⁵ Sigríður Sigurjónsdóttir 2016

Einnig er athugað hvort komin séu fram ensk máltilbrigði í íslensku og hvort notkunarsvið íslenskrar tungu hafi skerst vegna þess að málnotendur taki ensku fram yfir íslensku.⁸⁶

3.2.1 Aðferðir

Fjölbreyttum rannsóknaraðferðum er beitt í MoLiCoDiLaCo-verkefninu. Netkönnun var send til 5000 manna hóps, valins af handahófi. Þátttakendum var skipt í ellefu aldurshópa og voru þeir á aldrinum 3-98 ára. Lögð var áhersla á að ná til yngri málnotenda og því voru 1500 úr úrtakinu undir 13 ára aldri. Athugað var hversu mikið ílag bæði ensks og íslensks máls þátttakendur fengu og hversu mikið þeir notuðu stafræna miðla. Viðhorf þeirra til tungumálanna beggja og orðaforði þeirra var einnig kannaður. Þátttakendur voru síðan beðnir um að dæma ýmsar setningar til að komast að því hvort enska valdi e.t.v. breytingum á íslenskri setningagerð eða hraði breytingum sem voru þegar hafnar fyrir tíma snjalltækja. Netkönnunin fyrir 13 ára og eldri hófst í júlí 2017 en börn undir 13 ára aldri fengu fjórar mismunandi kannanir eftir aldri. Þær kannanir hófust í nóvember sama ár og voru þeim mun einfaldari eftir því sem börnin voru yngri. Foreldrar barnanna svöruðu fyrir tvo yngstu aldurshópana (3-5 ára og 6-7 ára), foreldrar hjálpuðu börnunum í næstelsta aldurshópnum (8-9 ára) að svara en elstu börnin svöruðu upp á eigin spýtur (10-12 ára).⁸⁷

Eftir að netkönnuninni lauk voru einnig tekin viðtöl við sérvalinn hóp 230 manns sem tekið höfðu þátt í netkönnuninni. Tvö tveggja klukkustunda viðtöl voru tekin við þátttakendur tíu ára og eldri en þrjú viðtöl klukkustund hvert við yngri þátttakendur. Málkunnátta, málnotkun og ílag voru könnuð með viðtölum og prófum. Þessi viðtöl hófust vorið 2018 og búist er við að þeim ljúki vorið 2019. Auk þessa er stefnt að því að opna netkönnunina á samfélagsmiðlum fyrir þá sem vilja taka þátt eftir að viðtölum lýkur.⁸⁸

3.2.2 Fyrstu niðurstöður

Fyrstu niðurstöður MoLiCoDiLaCo-verkefnisins benda til þess að mikill munur sé á aldurshópum hvað varðar alla þá meginþætti sem rannsóknin tekur til, ílag, viðhorf, orðaforða og mat á setningum. Frá 51% og upp í 61% barnanna talar eða reynir að tala ensku daglega en mismikið eftir aldurshópum. Athuga skal þó að tvítyngd börn eru með í þessum tölum. Þessar niðurstöður gefa þrátt fyrir það vísbendingu um fyrirferð talaðrar ensku í málumhverfi íslenskra

⁸⁶ Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson 2018:3

⁸⁷ Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson 2018:4-6

⁸⁸ Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson 2018:4-5

barna í dag.⁸⁹ Elín Þórsdóttir (2018) kemst einnig að því í meistararitgerð sinni að þátttakendur netkönnunarinnar á aldrinum 16-20 ára sem hlusta, tala, skrifa og lesa ensku daglega eru líklegri til að samþykkja ákveðnar nýjungar í íslensku máli. Þannig voru þessir málnotendur líklegri til að samþykkja óhefðbundna notkun framsöguháttar og viðtengingarháttar í íslensku en jafnaldrar þeirra sem fá minna enskuílag.⁹⁰

3.2.3 Rannsókn Hildar Hafsteinsdóttur (2019a)

Hildur Hafsteinsdóttir var einn af nemunum sem vann við rannsókn Sigríðar og Eiríks, MoLiCoDiLaCo, og vann meistararitgerð út frá gögnum rannsóknarinnar. Ritgerð Hildar fjallar um hvaða þættir hafi áhrif á íslenskan hreim í enskuframburði fullorðinna Íslendinga m.a. með tilliti til áhrifa enskuílags. Hún fjallaði einnig um hvaða ílagsgerð hafi mest áhrif á enskuframburð Íslendinga og hvort aldur og viðhorf til ensku hefðu áhrif á enskuframburð Íslendinga.⁹¹ Hildur hannaði framburðarprófin fyrir bæði fullorðna og börn, sem fóru fram í einstaklingsviðtölum MoLiCoDiLaCo, í samvinnu við Sigríði Sigurjónsdóttur, Irisi Eddu Nowenstein og Þorbjörgu Þorvaldsdóttur. Framburðarpróf fullorðinna byggðist á lestri en börnin voru prófuð með myndum. Ekki þótti öruggt að reiða sig á lestur í tilviki barnanna þar sem þau yngstu höfðu ekki hafið grunnskólanám og börn í yngstu bekkjum grunnskóla gætu enn átt erfitt með lestur. Framburður fullorðinna var einungis kannaður á ensku en framburður barnanna var hins vegar kannaður í tvennu lagi, bæði á íslensku og ensku. Í báðum tilfellum voru börnunum sýndar myndir og þau beðin um að segja hvað væri á þeim. Hildur rannsakaði einungis niðurstöður fullorðinna í ritgerð sinni en ekki gafst tími til að vinna úr viðtölum barnanna þar sem þau fóru seinna fram en viðtöl fullorðinna.⁹² Íslenska framburðarprófið sem lagt var fyrir börnin sótti m.a. innblástur í próf Bjarka Karlssonar (2007) úr rannsókn hans á tvinnhljóðum í íslensku.⁹³

Framburðarbreyturnar sem leitað var eftir í enskuframburði bæði fullorðinna og barna voru hefðbundin einkenni íslensks framburðar eins og aðblástur, afröddun hljómena, áhersla, framburður /v/ og /w/, framburður s hljóða og að lokum var lengd hljóða einnig könnuð. Aðblástur er ófrávíkjanleg hljóðkerfisregla í íslensku og felst í því að orð sem eru rituð með *pp*, *tt*, *kk* eða /p, t, k/ á undan /l, m, n/ fá aðblástur á undan lokun, hljóðritaður sem [h]. Dæmi

⁸⁹ Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson 2018:5-6

⁹⁰ Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson 2018:5-6; Elín Þórsdóttir 2018:8-10

⁹¹ Hildur Hafsteinsdóttir 2019a:9-10

⁹² Hildur Hafsteinsdóttir 2019a:50

⁹³ Hildur Hafsteinsdóttir 2019b

um íslensk orð með aðblæstri eru sokkur [søhkyr] og epli [ehpli]. Afröddun hljómda felst í því að hljómdurnir /l, m, n, r/ verða óraddaðir standi þeir á undan /p, t, k/ eða aftast í orði.⁹⁴ Íslensk áhersla kemur nánast eingöngu fram á fyrsta atkvæði orðs og var kannað hvort framburður á enskum orðum með áherslu annars staðar litaðist af þessu. Munur /v/ og /w/ var kannaður þar sem einungis /v/ kemur fyrir í íslensku og er því algengt að Íslendingar annað hvort beri /w/ fram sem [v] eða að þeir beri [w] fram þar sem [v] á að vera þegar þeir tala ensku, e.t.v. sem einhvers konar ofvöndun. Íslendingar eiga einnig oft erfitt með mismunandi s hljóð þar sem einungis eitt slíkt kemur fram í íslensku, [s]. Enska hefur hins vegar fjögur s hljóð: /s, z, ʃ, ʒ/ og geta þau öll staðið í framstöðu nema /z/, eins og áður hefur komið fram. Því hættir Íslendingum við að nota einungis [s] fyrir öll þessi hljóð. Að lokum eiga Íslendingar til að beita íslenskum lengdarreglum þegar þeir tala ensku. Í íslensku eru sérhljóð í áhersluatkvæði stutt ef þau fara á undan samhljóðaklasa eða löngu samhljóði en annars löng. Undantekning frá þessari reglu eru þó samhljóðaklasar sem hefjast á *p, t, k* eða *s* og hafa *j, v* eða *r* sem seinna hljóð klasans, t.d. *esja* [ɛ:sja].⁹⁵

Framburður barnanna sem rannsökuð voru var hins vegar kannaður í tvennu lagi, annars vegar enskuframburður þeirra og hins vegar íslenskuframburður þeirra. Þeim voru sýndar myndir og voru þau beðin um að segja hvað væri á myndinni í bæði skiptin. Íslensku orðin sem prófuð voru reyndu á ákveðnar framburðarbreytur, m.a. sumar þær sömu og notast var við í enskufrófunum⁹⁶ en einnig aðrar breytur. Sem dæmi var framburður /v/ og /w/ ekki kannaður í íslenskuframburði barnanna en hins vegar var athugað hvort tvinnhljóðaframburður kæmi fram á ákveðnum orðum í íslensku.⁹⁷

3.3 Rannsókn Bryndísar Bergþórsdóttur (2018)

Bryndís Bergþórsdóttir (2018) fjallaði um hreimlausa ensku íslenskra barna í BA.-ritgerð sinni. Markmið hennar var að komast að því hvort íslensk börn heyri nógu mikla ensku í bernsku til að enskur framburður þeirra sé án íslensks hreims. Þetta var gert með tilliti til aukins ensks máláreitis tengt samfélagsbreytingum síðustu ára eins og snjalltækjavæðingarinnar.⁹⁸ Eins og áður var nefnt er enska orðinn hluti af daglegu lífi flestra Íslendinga með tilkomu internetsins og alþjóðavæðingar og flestir Íslendingar heyra ensku daglega. Sum íslensk börn heyra ensku

⁹⁴ Hildur Hafsteinsdóttir 2019a:39-43

⁹⁵ Hildur Hafsteinsdóttir 2019a:43-46

⁹⁶ Hildur Hafsteinsdóttir 2019a:50

⁹⁷ Hildur Hafsteinsdóttir 2019b

⁹⁸ Bryndís Bergþórsdóttir 2018:4-5

í umhverfi sínu frá unga aldri nú til dags og ná einhverjum tókum á henni en þetta er eitt af einkennum máltöku annars máls. Enskukunnátta íslenskra barna hefur þó framan af mestmegnis verið óvirk, sbr. rannsóknir Birnu Arnbjörnsdóttur (2011) sem rætt var um í kafla 3.1, og það mál sem þau skilja er almennt óformlegt talmál m.a. úr sjónvarpi sem háð er sjónrænu samhengi.⁹⁹ Þetta hefur þó breyst eftir snjalltækjavæðinguna.¹⁰⁰ Niðurstöður rannsóknar Sigríðar Sigurjónsdóttur og Eiríks Rögnvaldssonar (2018) benda til að enskunotkun íslenskra barna í dag sé orðin virkari en hún var þegar Birna Arnbjörnsdóttir (2011) gerði sínar kannanir.¹⁰¹

Bryndís lagði munnlega könnun fyrir sex börn í þriðja bekk grunnskóla á aldrinum átta til níu ára, þrjá drengi og þrjár stúlkur. Ekkert þessara barna hafði fengið formlega enskukennslu og öll hafa þau íslensku að móðurmáli ásamt því að hafa verið alin upp af íslenskum foreldrum í Reykjavík. Börnunum voru sýndar myndir og þau spurð út í ákveðin atriði á myndunum. Íslensk framburðareinkenni sem Bryndís kannaði voru aðblástur og afröddun hljómena.¹⁰² Leitað var eftir því að börnin mynduðu orð þar sem hljóðaumhverfi kallaði á annað hvort aðblástur eða afröddun hljómena í íslenskum hreim. Það sem veldur hreim er m.a. yfirfærsla hljóðkerfisfræðilegra reglna úr móðurmáli einstaklings yfir á annað eða erlent mál.¹⁰³ Tólf orð voru prófuð í hvorum flokki svo samtals var framburður 24 orða prófaður. Könnunin fór fram á ensku að svo miklu leyti sem hægt var.¹⁰⁴ Niðurstöður Bryndísar sýndu að framburður án hreims var mun algengari en með hreim. Íslensku hljóðferlin sem rannsökuð voru, aðblástur og afröddun, komu samtals aðeins fyrir í um 20,7% svara barnanna. Þar af leiðandi voru 79,3% framburðarmynda þessara sex barna án íslensks hreims. Framburður án hreims var algengari hjá öllum börnunum nema einu, en sú stúlka hafði einmitt minnsta enskukunnáttu af öllum börnunum og endurtók einnig langoftast ensku orðin eftir rannsakanda. Eitt barnið notaði aldrei íslensk hljóðferli og var framburður þeirrar stúlku þ.a.l. hreimlaus hvað varðar þá tvo hljóðkerfisþætti sem kannaðir voru.¹⁰⁵

Enskuumhverfi á Íslandi virðist gagnvirkara nú á dögum en áður, t.a.m. vegna tilkomu snjalltækja¹⁰⁶ og tölvuleikja með gagnvirkum samskiptum. Það er því e.t.v. mögulegt að þrátt fyrir að unglingar og fullorðnir Íslendingar ofmeti gjarnan enskukunnáttu sína¹⁰⁷ gæti magn

⁹⁹ Bryndís Bergþórsdóttir 2018:10-11; Birna Arnbjörnsdóttir 2018

¹⁰⁰ Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson 2018

¹⁰¹ Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson 2018

¹⁰² Bryndís Bergþórsdóttir 2018:4-5

¹⁰³ Bryndís Bergþórsdóttir 2018:22; Obler og Gjerlow 1999:124

¹⁰⁴ Bryndís Bergþórsdóttir 2018:23-24

¹⁰⁵ Bryndís Bergþórsdóttir 2018:25-26

¹⁰⁶ Sigríður Sigurjónsdóttir 2016

¹⁰⁷ Naylor 2017:62

enskuílags í íslensku nútímasamfélagi haft áhrif á íslenskukunnáttu íslenskra barna og stöðu íslensku sem ráðandi tungumáls á Íslandi. Eiríkur Rögnvaldsson og Sigríður Sigurjónsdóttir (2018) telja að ef máláreiti sem börn fá verði að hluta til á ensku taki það frá íslenskunni. Fáir börn ekki nægt íslenskuílag ýti það undir breytileika og að börnin nái síður tókum á orðaforða og málfræði íslenskunnar.¹⁰⁸

¹⁰⁸ Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson 2018

4 Rannsókn á tvinnhljóðaframburði í máli barna

Gögn úr viðtölum rannsóknar MoLiCoDiLaCo-verkefnisins voru notuð við þessa rannsókn. Notast var við upptökur úr einstaklingsviðtölum barna búsettum á höfuðborgarsvæðinu. Öll börnin voru eintyngd með íslensku að móðurmáli. Hlustað var á upptökur af börnunum og niðurstöður hljóðritaðar. Sá hluti upptakanna sem rannsakaður var voru öll þau orð úr íslenskuviðtölum barnanna sem prófuð voru í þeim tilgangi að kanna hvort tvinnhljóðaframburður kæmi þar fram. Framburði orðanna var síðan gefinn einkunn á bilinu 100-200, 100 fyrir ómarkaðan eða hefðbundinn lokhljóðaframburð, 150 fyrir vafasaman eða hálfframburð og 200 fyrir markaðan tvinnhljóðaframburð.

4.1 Markmið og aðferð

Markmið þessarar könnunar er að athuga hvort tvinnhljóð komi fram í máli eintyngdra íslenskra barna og sjá hvort enskuílag þeirra hafi áhrif á tvinnhljóðaframburð í íslensku. Börnunum var skipt í þrjú ílagshópa, þau sem fá mikið enskuílag, þau með miðlungsílag og þau sem fá lítið enskuílag. Hér eftir verður miðlungsílag kallað miðílag til einföldunnar. Aldurshóparnir sem börnunum var skipt í fyrir rannsókn MoLiCoDiLaCo-verkefnisins voru notaðir til að sjá hvort munur væri á aldurshópum, þ.e. 3-5 ára, 6-7 ára, 8-9 ára og 10-12 ára. Eins og áður sagði er aldursskipting miðuð við vorið 2018 þegar netkönnunin fór fram, viðtölin fóru fram frá hausti 2018 til vorsins 2019. Einnig voru börnin flokkuð eftir kyni til að sjá hvort kyn þátttakenda hefði áhrif á tvinnhljóðaframburð.

Níu börn úr hverjum aldurshópi voru valin, þar af þrjú af hverju ílagsstigi. Í heildina var því notast við 36 upptökur, sjá töflu 5.

	3-5 ára	6-7 ára	8-9 ára	10-12 ára
Mikið ílag	kk	kvk	kk	kvk
	kvk	kk	kvk	kvk
	kvk	kvk	kvk	kk
Miðílag	kvk	kk	kk	kvk
	kk	kk	kvk	kk
	kvk	kvk	kk	kk
Lítið ílag	kk	kvk	kk	kk
	kvk	kk	kvk	kvk
	kvk	kk	kvk	kk

Tafla 5: Aldurs-, ílags- og kynjaskipting barnanna

Eitt barn féll þó ekki inn í hefðbundnu ílagsskiptinguna. Um er að ræða einn dreng í sex til sjö ára aldurshópnum sem var notaður til úrvinnslu í hópi miðflags þó að ílagstölur hans hafi í raun fallið inn í hóp lítills ílags. Nokkuð erfitt reyndist stundum að finna upptökur með því atriði sem hér var til skoðunar hjá sumum barnanna, þar sem þetta atriði var prófað í lok viðtalsins og sum börn því orðin þreytt. Þessum þætti var þ.a.l. sleppt hjá einhverjum börnum.¹⁰⁹ Hafa verður þetta í huga þegar niðurstöður eru skoðaðar. Reynt var að hafa kynjaskiptingu barnanna nokkuð jafna þó að um oddatölu hafi verið að ræða í hverjum ílagsflokki og því ekki hægt að hafa jafnmörg börn af hvoru kyni í hverjum ílagshópi. Hver ílagshópur hafði því ýmist tvær stúlkur og einn dreng eða öfugt. Í heildina var notast við upptökur 17 drengja og 19 stúlkna í rannsókninni.

Í prófinu sem lagt var fyrir af rannsakendum í viðtalshluta MoLiCoDiLaCo-verkefnisins voru börnin látin skoða myndir sem þeim voru sýndar og þau beðin um að segja hvað væri á þeim. Þeim voru gefnar vísbendingar ef þau giskudu ekki á orðið sem leitað var að í fyrstu. Ef börnin þekktu alls ekki orðið sem leitað var eftir sagði umsjónarmaður upptökunnar orðið og bað barnið að endurtaka. Einnig voru börn stundum beðin um að lesa orðið væru þau læs. Höfundur þessarar ritgerðar fékk hljódupptökurnar og hlustaði á þær sex sinnum. Í tvö skipti voru dæmisorð hljóðrituð en í hin skiptin einungis hlustað til að athuga hvort hljóðritun væri rétt. Orðin sem notuð voru við þessa rannsókn voru öll þau orð sem sett voru inn í könnunina í þeim tilgangi að ná fram tvinnhljóðaframburði eða athuga hvort hann kæmi þar fram, þ.e. á *tj-* í framstöðu, *dj-* í framstöðu, *st-*, *stj-* í framstöðu, *tí-* í framstöðu, *te-* í framstöðu og *ta-* í framstöðu. Þessi orð má sjá í (2), í þeirri röð sem þau komu fyrir í prófinu:

(2) *stjarna, tjörn, tíu, teppi, tívolí, tígrisdýr, tannbursti, djús, tjald, stýri og tígull.*

Einungis eitt orð með *dj-* í framstöðu var prófað en erfitt reyndist að finna fleiri slík orð sem auðvelt hefði verið fyrir börn að þekkja á mynd.¹¹⁰

Athugasemdir voru gerðar við óhefðbundinn eða óljósan framburð sem og þegar upptaka var óskýr eða þegar barn kom ekki með orðið sem leitað var eftir. Það síðastnefnda kom þó sjaldan fyrir, einungis tvisvar á orðinu *tjald* og þrisvar á orðinu *djús*. Í örfá skipti kom það einnig fyrir að barn bar orð fram oftast en einu sinni, með mismunandi framburðarmynd í hvort skipti. Þegar það gerðist var kosið að flokka það orð sem markaðan framburð (tvinnhljóðaframburð) fremur en hefðbundinn lokhljóðaframburð, þar sem þetta gefur til kynna að barn hafi tvinnhljóðaframburð í málkerfi sínu þótt hann standi í frjálstri dreifingu við hinn

¹⁰⁹ Hildur Hafsteinsdóttir 2019b

¹¹⁰ Hildur Hafsteinsdóttir 2019b

hefðbundna lokhljóðaframburð. Eins og áður hefur komið fram var framburði gefinn einkunn á bilinu 100-200 þar sem 100 merkir ekkert tvinnhljóð, 150 merkir háltvinnhljóð eða vafi og 200 merkir að orðið var borið fram með skýru tvinnhljóði.

4.2 Niðurstöður

Í þessum kafla verður fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar og þær skoðaðar bæði í heild sinni sem og niðurstöður mismunandi hópa. Meðaltal var tekið af hverju orði, bæði meðaltal allra 36 þátttakenda sem og meðaltal eftir ílagshópum, aldurshópum og kyni. Fylgni og marktækni milli hópa voru einnig skoðuð. Fylgni tvinnhljóðaframburðar við ílag, aldur og kyn var einnig skoðuð, þ.e. hvort hún var tölfræðilega marktæk eða ekki.

4.2.1 Heildarniðurstöður

Í um helmingi orðanna kom enginn eða lítill tvinnhljóðaframburður fram. Nokkur orðanna fengu nánast engan tvinnhljóðaframburð og höfðu heildarmeðaleinkunn á bilinu 100-103 en þau má sjá í (3):

(3) *stjarna, teppi, tígrisdýr, tannbursti og stýri.*

Þessar niðurstöður samræmast við niðurstöður úr könnun Bjarka Karlssonar. Niðurstöður Bjarka sýndu að tvinnhljóð voru algengust á samhljóðaklasanum *tj-* í framstöðu en þau komu þó einnig fram í ófráblásnu innstöðuhljóði *-tj-* og á klösunum *dj-* og *tí-* í framstöðu. Samhljóðaklasinn *stj* fékk ekki tvinnhljóðaframburð í könnun Bjarka¹¹¹ og fékk einungis einu sinni vafaframburð við þessa könnun. Einnig voru fleiri orð sem fengu heildarmeðaleinkunn undir 150. Orðin *túu*, *tívolí*, *djúss* og *tígull* fengu heildarmeðaleinkunn á bilinu 113-136. Þá er rétt að taka fram að orðin *túu*, *tívolí* og *tígull* fengu mun oftast einkunnina 150, þ.e. háltvinnhljóð eða vafaframburð, heldur en skýran tvinnhljóðaframburð. Einu orðin sem fengu heildarmeðaleinkunn hærra en 150 voru orðin *tjörn* og *tjald*. Í öllum hópum sem skoðaðir voru – heildarniðurstöður og niðurstöður eftir ílagi, aldri og kyni – kom tvinnhljóð oftast fram í umhverfinu #tjV[+kr], þ.e. á orðinu *tjörn*, en í umhverfinu #tjV[÷kr], þ.e. á orðinu *tjald*. Eina orðið sem aldrei fékk tvinnhljóðaframburð, háltvinnhljóð eða nokkurs konar vafasaman framburð var *stýri*. Heildarniðurstöður fyrir mismunandi orð í hverjum aldurs- og ílagsflokki og eftir kyni má sjá á töflu 6.

¹¹¹ Bjarki Karlsson 2007: kafli 0.7

	Stjarna	Tjörn	Tíu	Teppi	Tívolí	Tígri- dýr	Tann- bursti	Djús	Tjald	Stýri	Tígull
alls	101	168	131	103	122	101	103	136	151	100	113
3-5 ára	106	172	133	100	117	100	100	138	156	100	111
6-7 ára	100	150	128	111	128	106	111	144	144	100	128
8-9 ára	100	183	144	100	122	100	100	131	178	100	111
10-12 ára	100	163	117	100	122	100	100	131	128	100	100
mikið ílag	100	175	146	100	133	104	100	142	163	100	113
mið- ílag	104	185	108	108	117	100	108	132	150	100	121
lítið ílag	100	146	138	100	117	100	100	135	142	100	104
kvk	100	167	139	100	124	100	100	126	145	100	118
kk	103	169	121	106	121	103	106	150	159	100	106

Tafla 6: Heildarniðurstöður fyrir orðin sem prófuð voru

Þau orð sem fengu afar lágar einkunnir höfðu ýmist aðeins eina vafamerkingu eða aðeins eitt barnanna bar fram skýrt tvinnhljóð. T.a.m fengu bæði orðin *teppi* og *tannbursti* aðeins einu sinni skýrt tvinnhljóð en það var sama barnið í hópi miðlags 6-7 ára sem bar það fram í bæði skiptin. Viðkomandi barn hafði einnig einhvers konar höggmælisframburð þar sem barnið bar orðið *tannbursti* fram sem [ts^haɣpysti]. Öll önnur börn báru þessi tvö orð fram með lokhljóði.

Orð með *tí-* í framstöðu voru oftast merkt með vafa eða hálfvinnhljóði fremur en skýru tvinnhljóði. Orðin sem hófust á *tj-* og *dj-* fengu hins vegar oftast skýran tvinnhljóðaframburð heldur en vafasaman framburð. Einungis eitt barn af 36, eða 3% þátttakenda, heyrðist aldrei nota tvinnhljóð, hvorki skýrt né vafahljóð. Fimm börn í viðbót höfðu hins vegar aldrei skýran tvinnhljóðaframburð þótt þau hefðu einhvers staðar hálfvinnhljóð eða vafasaman framburð. Sex börn af 36 eða 17% þátttakenda heyrðust því aldrei nota skýrt tvinnhljóð. Fjögur þessara barna voru í hópi 10-12 ára barna og fjögur þeirra í hópi lítils ílags. Þar á meðal var barnið sem aldrei heyrðist nota nokkurs konar tvinnhljóð en viðkomandi var í hópi 10-12 ára barna með lítið ílag.

Þegar tvinnhljóðaframburður kom fram var tannbergsmælt tvinnhljóð [ts^h] eða [ts] algengara en tannbergs-gómmælt tvinnhljóð [t^h] eða [tʃ]. Minnstur var munurinn á orðinu djús

en þar voru 53% tvinnhljóðanna tannbergsmælt. Tannbergsmæltu tvinnhljóðin voru enn algengari en þau tannbergs-gómmæltu í hinum tveimur orðunum, *tjörn* og *tjald*, 77% annars vegar og um 90% hins vegar. Flest börnin sem notuðu tannbergs-gómmælt tvinnhljóð notuðu einnig tannbergsmælt tvinnhljóð eða háltvinnhljóð. Algengara var þó að þau börn sem notuðu skýr tvinnhljóð notuðu einungis tannbergsmælt tvinnhljóð.

4.2.2 Áhrif enskuílags

Enskuílag virðist hafa einhver áhrif á þá einkunn sem börnin fengu. T.a.m. hafa börnin með mikið ílag oftast hæsta einkunn og börnin með lítið ílag hafa aldrei hæstu einkunn fyrir neitt orð. Börn með miðílag fylgja ýmist börnum með lágt ílag eða hátt ílag í einkunn og fá tvisvar hæstu einkunn, fyrir orðin *tjörn* og *tígull*. Athuga skal þó að börnin tvö sem fengust ekki til að segja orðið *tjörn* voru bæði í hópi miðílags og þetta hefur e.t.v. áhrif á meðaleinkunn hópsins, sjá töflu 7.

	Tjörn	Tíu	Tívolí	Djús	Tjald	Tígull
Mikið ílag	175	146	133	142	163	113
Miðílag	185	108	117	132	150	121
Lítið ílag	146	138	117	135	142	104

Tafla 7: Niðurstöður eftir ílagi

Í hópi miðílags voru sjö börn af tólf sem höfðu hreinan tvinnhljóðaframburð á *tjörn*, eitt barn hafði vafasaman framburð og tvö börn báru orðið ekki fram. Hins vegar höfðu níu af tólf börnum í hópi mikils ílags tvinnhljóðaframburð á sama orði og ekkert barn hafði vafasaman framburð. Séu niðurstöður skoðaðar einungis út frá öruggum tvinnhljóðaframburði fær hópur mikils ílags hæstu einkunn á *tj-* í framstöðu, bæði á *tjörn* og *tjald*. Hin orðin sýndu ekki slíkt mynstur, þ.e.a.s. hærri notkun skýrs tvinnhljóðs hjá ákveðnum hóp, hvorki tengt aldri, ílagi né kyni. Heildarmeðaleinkunn allra hinna orðanna var auk þess undir 150 og þau fengu ekki áberandi tvinnhljóðaframburð hjá neinum hópi. Munurinn á meðaleinkunn milli ílagshópa er samt sem áður yfirleitt heldur lítill og aldrei marktækur, þ.e.a.s. $p > 0,05$, þótt hann hafi komist nálægt marktæknimörkum á milli mikils ílags og lítils ílags, sjá töflu 8.

	t	df	p	Fylgni
Mikið ílag – mið ílag	0,889	10	0,395	0,857
Mið ílag – lítið ílag	0,644	10	0,534	0,792
Mikið ílag – lítið ílag	2,126	10	0,059	0,961

Tafla 8: Fylgni milli ílagshópa

Tafla 8 sýnir T tölu, frígráður (df), p gildi og fylgni milli aldurshópa. Eins og sést í töflu 8 í dálki *p* nær enginn hópanna marktæknimörkum en munurinn milli mikils ílags og lítils ílags kemst þó nálægt mörkunum. Miðað er við marktæknimörk $p > 0,05$. Nokkuð mikil fylgni er samt milli enskuílags og tvinnhljóðaframburðar. Fylgni með *Pearson's correlation coefficient* aðferðinni er mæld frá -1 til +1 þar sem +1 þýðir að þeir tveir þættir sem eru kannaðir eru fullkomlega skyldir á jákvæðan línulegan hátt, -1 þýðir að þættirnir eru fullkomlega skyldir á neikvæðan línulegan hátt og 0 þýðir að þættirnir eru ekki línulega skyldir. Tölur sem komast nálægt einum gefa til kynna línulegt samband þótt sambandið sé ekki fullkomið.¹¹² Þar sem fylgnitölur milli ílags í aftasta dálki töflu 8 eru allar háar gefur það til kynna að tengsl séu milli enskuílags og meðaleinkunnar tvinnhljóðaframburðar. Einnig er ekki hægt að útiloka að með tilkomu meiri ensku í íslensku málsamfélagi muni tíðni tvinnhljóðaframburðar hækka.

4.2.3 Áhrif aldurs

Einkunn fyrir tvinnhljóðaframburð virðist ekki standa í skýru sambandi við aldur þar sem einkunnirnar fara ekki lækkandi jafnt og þétt með aldri, sjá töflu 9. Hins vegar fær elsti hópurinn oftast lægstu einkunnina í þeim orðum sem fengu einhvern tvinnhljóðaframburð. Elsti hópurinn var einnig eini hópurinn þar sem enginn tvinnhljóðaframburður kom fram á orðinu *tígull*, sjá töflu 9.

	Tjörn	Tíu	Tívolí	Djús	Tjald	Tígull
3-5 ára	172	133	117	138	156	111
6-7 ára	150	128	128	144	144	128
8-9 ára	183	144	122	131	178	111
10-12 ára	163	117	122	131	128	100

Tafla 9: Niðurstöður eftir aldri

¹¹² Haug 2019

Aldurshóparnir 6-7 ára og 8-9 ára voru sitt á hvað með hæstu einkunnirnar. Þrátt fyrir að ekki hafi verið skýrt línulegt samband milli aldurs og tvinnhljóðaframburðar var munur á milli aldurshópa marktækur í sumum tilfellum, sjá dálk p í töflu 10.

	t	df	p	Fylgni
3-5 ára – 6-7 ára	-0,503	10	0,626	0,905
6-7 ára – 8-9 ára	-0,318	10	0,757	0,870
8-9 ára – 10-12 ára	1,986	10	0,075	0,887
3-5 ára – 8-9 ára	-1,321	10	0,216	0,980
3-5 ára – 10-12 ára	2,257	10	0,048	0,933
6-7 ára – 10-12 ára	2,567	10	0,028	0,858

Tafla 10: Fylgni milli aldurshópa

Tafla 10 sýnir T tölu, frígráður (df), p gildi og fylgni milli aldurshópa. Eins og sést í dálki p töflu 10 er marktækur munur á niðurstöðum á milli 3-5 ára og 10-12 ára barna annars vegar og á niðurstöðum 6-7 ára og 10-12 ára barna hins vegar. P tölur eru í báðum tilfellum undir 0,05. Fylgni milli aldurshópa var há eins og sést í síðasta dálkinum á töflu 10 en það gefur til kynna að sterk tengsl séu á milli aldurs og hversu háa einkunn barn fær fyrir tvinnhljóðaframburð. Það segir hins vegar ekki til um styrk tengslanna eða áhrif. Ekki er heldur ljóst hvort yngri börn séu líklegri til að vera með tvinnhljóðaframburð vegna þess að þessi framburður sé að ryðja sér til rúms í íslensku eða vegna þess að um aldursbindingu sé að ræða, þ.e. framburðurinn muni að einhverju leyti eldast af börnunum.

4.2.4 Kynjamismunur

Ekki er mikill munur á tvinnhljóðaframburði milli kynja nema helst á orðinu *djús* sem fékk töluvert hærri einkunn hjá drengjum en stúlkum: 150 stig á móti 126, sá töflu 11. Drengir höfðu oftast merktan framburð á orðinu *djús* en stúlkur – þ.e. framburður sem var annað hvort hálfvinnhljóð eða skýrt tvinnhljóð – og oftast skýran tvinnhljóðaframburð af merкта framburðinum heldur en stúlkur. Hins vegar voru öll þrjú börnin sem ekki fengust til að segja orðið *djús* drengir og það gæti haft einhver áhrif á niðurstöðurnar. Einnig voru tveimur fleiri stúlkur í könnuninni en drengir og það gæti mögulega haft áhrif á þessar niðurstöður.

	Tjörn	Tíu	Tívolí	Djús	Tjald	Tígull
Drengir	169	121	121	150	159	106
Stúlkur	167	139	124	126	145	118

Tafla 11: Niðurstöður eftir kyni

Eins og sést á töflu 11 virðast stúlkur almennt fá hærri einkunn á orðum sem hefjast á *tí-* en drengir hærri einkunn á orðum sem hefjast á *tj-* og *dj-* þótt munurinn hafi í flestum tilfellum verið lítill.

	t	df	p	Fylgni
Stúlkur - drengir	-0,628	10	0.544	0,889

Tafla 12: Fylgni milli kynja

Tafla 12 sýnir T tölu, frígráður (df), p gildi og fylgni milli kynja. Dálkur p í töflu 12 sýnir að ekki var marktækur munur á niðurstöðum milli kynja þar sem *p* tala er hátt yfir 0,05. Fylgni milli kynja var há eins og sést í aftasta dálki töflu 12, enda var lítill kynjamunur á tvinnhljóðaframburði í könnuninni.

4.2.5 Samantekt niðurstaðna

Tvinnhljóðaframburður kom fram hjá flestum barnanna sem könnuð voru og niðurstöður sýna að enskuílag hefur einhver áhrif á niðurstöður þótt munurinn milli ílagshópa hafi ekki verið marktækur. Há fylgni var á milli enskuílags og tvinnhljóðaframburðar í máli barnanna. Börn með mikið enskuílag voru einnig líklegri til að nota skýr tvinnhljóð en börn með miðílag og lítið ílag. Auk þess fundust tengsl milli aldurs og tvinnhljóðaframburðar þótt ekki sé ljóst af hverju þau tengsl stafa. Þannig var marktækur munur á tvinnhljóðaframburði yngsta og elsta aldurshóps annars vegar og næstýngsta og elsta aldurshóps hins vegar. Þetta sýnir að af þátttakendum voru yngri börn líklegri til að nota tvinnhljóð eða vafaframburð en þau eldri. Einnig hafði elsti aldurshópurinn oftast lægsta meðaltal tvinnhljóðaframburðar á þeim orðum sem fengu áberandi markaðan framburð og hafði t.a.m. aldrei tvinnhljóðaframburð á orðinu *tígull*. Sá kynjamunur sem kom fram var ekki marktækur og lítill í flestum tilfellum nema helst á orðinu *djús*. Aðrir þættir eins og drengirnir þrír sem ekki fengust til að segja viðkomandi orð og dreifing kynja milli ílagshópa gæti þó e.t.v. haft áhrif á þessar niðurstöður. Há fylgni var milli kynja enda voru flestar niðurstöður drengja og stúlkna svipaðar.

Af fyrirliggjandi niðurstöðum er ekki mögulegt að sjá hvort tvinnhljóðaframburður

eldist að einhverju leyti af börnum eftir því sem þau eldast eða hvort hann sé nýjung í málinu sem einkenni einkum mál yngri barna og eigi eftir að ryðja sér til rúms í íslensku í framtíðinni. Hins vegar sýna niðurstöður Bjarka Karlssonar að tvinnhljóðaframburður hafi fundist í máli unglunga og fullorðins fólks árið 2007 en þátttakendur í rannsókn hans voru allir fæddir fyrir síðustu aldamót.¹¹³ Meirihluti barnanna sem tóku þátt í þessari rannsókn – eða 33 af 36 – voru fædd eftir síðustu upptökur rannsóknar Bjarka eða eftir mars 2006.¹¹⁴ Þar sem niðurstöður Bjarka sýna að tvinnhljóðaframburður er eldri en flest börnin sem tóku þátt í þessari rannsókn gefur það e.t.v. til kynna að tvinnhljóðaframburður sé ekki framburður sem bundinn er við barnæsku og síðan eldist af málhöfum. Einnig voru yngstu þátttakendur Bjarka í efstu bekkjum grunnskóla, þ.e. unglingar. Það að Bjarki Karlsson fann tvinnhljóðaframburð í máli unglunga og eldra fólks bendir einnig til þess að tvinnhljóðaframburður sé ekki algjörlega nýjung í málinu og sé því ekki bundinn við mál ungra barna. Þetta þarfnast þó frekari athugunar. Annar möguleiki er að tvinnhljóðaframburður sé að einhverju leyti bundinn við enskuílag og eigi eftir að aukast með tilkomu meira enskuílags í íslensku samfélagi. Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa þó til kynna að aldur hafi meiri áhrif á tvinnhljóðaframburð íslenskra barna en enskuílag þeirra ef miðað er við niðurstöður marktækniprófanna.

¹¹³ Bjarki Karlsson 2007: kafli 0.7; Bjarki Karlsson 2007: kafli 2.2

¹¹⁴ Bjarki Karlsson 2007: kafli 2.1

5 Lokaorð

Í þessari ritgerð hefur verið fjallað um tvinnhljóðaframburð í íslensku og áhrif enskuflags, aldurs og kyns á tvinnhljóðaframburð íslenskra barna. Tvinnhljóðaframburður er framburðartilbrigði sem felst í því að tvinnhljóð er borið fram í stað hefðbundins lokhljóðs, yfirleitt á orðum sem hefjast á *tj*- og *dj*- í stafsetningu. Í stað þess að lokun sé gerð í munni, loftstraumur frá lungum stoppi við lokunina og lofti sé síðan sleppt út með hveli, er losað hægt um lokunina með öngljóði sem myndað er á sama eða svipuðum stað.¹¹⁵ Tvinnhljóðaframburður er nýlegt fyrirbæri í íslensku og hefur ekki verið rannsakaður mikið en Bjarki Karlsson (2007) skrifaði um þetta framburðartilbrigði í meistararitgerð sinni. Niðurstöður Bjarka sýndu að tvinnhljóðaframburður kom fram í öllum aldurshópum en hann var algengari hjá yngra fólki og einnig algengari hjá fólki búsettu á Suðurlandi en á Norðurlandi.¹¹⁶

Tvinnhljóðaframburður hjá 36 íslenskum eintyngdum börnum á aldrinum 3-12 ára búsettum á höfuðborgarsvæðinu var kannaður. Ekki var unnt að rannsaka framburðarmun á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu hvað varðar tvinnhljóð í þessari ritgerð. Hins vegar var munur á niðurstöðum eftir mismunandi enskuflagi skoðaður og þátttakendum skipt í þrjá hópa, börn með mikið enskuflag, börn með meðal enskuflag og börn með lítið enskuflag. Einnig var munur milli aldurshópanna fjögurra skoðaður sem og milli kynja. Munur var á niðurstöðum eftir ílagshópum þó að munurinn hafi ekki verið marktækur. Börn með mikið enskuflag voru þó líklegri til að nota skýr tvinnhljóð en börn með mið eða lítið ílag. Einnig var nokkur munur á aldurshópum og var hann marktækur í tveimur tilfellum, annars vegar á milli yngsta og elsta aldurshóps og hins vegar á milli næstýngsta og elsta aldurshóps. Ekki fannst áberandi munur milli kynja og há fylgni var á milli drengja og stúlkna. Þessar niðurstöður gefa vísbendingu um að tvinnhljóðaframburður sé e.t.v heldur tengdur við aldur frekar en enskuflag. Þessi rannsókn er þó smá að stærð og einnig er ekki ljóst hvort um aldursbindingu sé að ræða eða hvort þetta framburðartilbrigði sé að ná fótfestu í íslensku. Frekari rannsókna er þörf ef komast á að skýrari niðurstöðum um tvinnhljóðaframburð í íslensku en niðurstöður þessarar ritgerðar gefa þó til kynna að einhver tengsl séu við aldur og mögulega einnig við enskuflag þátttakenda þótt munur ílagshópa hafi ekki náð marktæknimörkum í þessari rannsókn.

¹¹⁵ Carr 2013:6,11-12; Roach 2005:48-49; Ladefoged og Johnson 2011:67

¹¹⁶ Bjarki Karlsson 2007: kafli 3.3-3.5

Heimildaskrá

- Ari Páll Kristinsson. 1998. *Handbók um málfar í talmiðlum*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2007. English in Iceland: Second Language, Foreign Language, or Neither? *Teaching and Learning English in Iceland: In Honour of Auður Torfadóttir*, bls. 51-78. Ritstj. Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, Reykjavík.
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2011. Exposure to English in Iceland: A Quantitative and Qualitative Study. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*.
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2018. English Exposure, Proficiency and Use in Iceland. *Language Development Across the Life Span*, bls. 57-78. Ritstj. Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir. Springer, Cham.
- Bjarki Karlsson. 2007. *Tvinnhljóð í íslensku*. M.A. ritgerð í íslensku við Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Bryndís Bergþórsdóttir. 2018. *Íslensk enska án íslensks hreims: Könnun á enskuframburði íslenskra barna í 3. bekk grunnskóla í ljósi breyttrar stöðu ensku á Íslandi*. B.A. ritgerð í almennum málvísindum við Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Buizza, Emanuela og Leendert Plug. 2012. Lenition, Fortition and the Status of Plosive Affrication: The Case of Spontaneous RP English /t/?. *Phonology* 29:1-38.
- Carr, Philip. 2013. *English Phonetics and Phonology: An Introduction*. Wiley-Blackwell, Chichester.
- DeKeyser, Robert og Jennifer Larson-Hall. 2005. What Does the Critical Period Really Mean? *Handbook of Bilingualism*, bls. 88-108. Ritstj. Kroll, Judith F. og Anette M. B. de Groot. Oxford University Press, Oxford.
- Dodd, Barbara, Alison Holm, Zhu Hua og Sharon Crosby. 2003. Phonological Development: A Normative Study of British English-Speaking Children. *Clinical Linguistics & Phonetics* 17:617-643.
- Eimas, Peter D., Einar R. Siqueland, Peter Jusczyk og James Vigorito. 1971. Speech Perception in Infants. *Science, New Series* 171:303-306.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2015. Er hrakspá Rasks að rætast?. *Hugrás - Vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands*. Sótt þann 14. mars af <http://hugras.is/2015/11/er-hrakspa-rasks-ad-raetast/>.

- Eiríkur Rögnvaldsson. 2017. *Hljóðkerfi og orðhlutakerfi íslensku*. Reykjavík. Sótt þann 27. febrúar af <https://issuu.com/eirikurr/docs/ho>.
- Elín Þórsdóttir. 2018. *Áhrif aukinnar enskunotkunar á íslenska málfræði: Breytileiki í háttanotkun og áhrif ílags*. M.A. ritgerð í almennum málvísindum við Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Fromkin, Victoria, Robert Rodman og Nina Hyams. 2014. *An Introduction to Language*. 10. útgáfa. Cengage Learning, Wadsworth.
- Grønnum, Nina. 1998. *Fonetik og Fonologi: Almen og Dansk*. Akademisk Forlag, Kaupmannahöfn.
- Haug, Mark Gerard. 2019. Measure of Association. *Encyclopedia Britannica*. Sótt þann 13. apríl af <https://www.britannica.com/topic/measure-of-association>.
- Hildur Hafsteinsdóttir. 2019a. *Íslenskur hreimur í málsambýli: Áhrif ílags, aldurs og viðhorfa á enskuframburð Íslendinga*. M.A. ritgerð í íslenskrri málfræði við Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Hildur Hafsteinsdóttir 2019b. Viðtal höfundar við Hildi Hafsteinsdóttur um framkvæmd og upptökur framburðarrannsóknar á viðtölum öndvegisverkefnisins Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis, 15. mars.
- Indriði Gíslason, Sigurður Konráðsson og Benedikt Jóhannesson. 1986. *Framburður og myndun fleirtölu hjá 200 íslenskum börnum við fjöggra og sex ára aldur*. Kennaraháskóli Íslands, Reykjavík.
- Jörgen L. Pind. 2005. Málhljóð og mannshugur. *Íslensk tunga I: Hljóð – Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði*, bls 481-511. Ritstj. Kristján Árnason. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 2005. *Íslensk tunga I: Hljóð – Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Ladefoged, Peter og Keith Johnson. 2011. *A Course in Phonetics*. 6. útgáfa. Cengage Learning, Wadsworth.
- Lenneberg, Eric. 1967. *Biological Foundations of Language*. Wiley, New York.
- Naylor, Max. 2017. „I said up my job yesterday“: *Samræmast viðhorf Íslendinga til eigin enskufærni raunveruleikanum?* M.A. ritgerð í íslenskrri málfræði við Háskóla Íslands.
- Obler, Loraine K. og Kris Gjerlow. 1999. *Language and the Brain*. Cambridge University Press, Cambridge.
- O’Grady, William. 2005. *How Children Learn Language*. Cambridge University Press, Cambridge.

- Roach, Peter. 2005. *English Phonetics and Phonology: A Practical Course*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. 2000. Nokkur orð um máltöku barna. *Uppeldi – tímarit um börn og fleira fólk* 13(3):30.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. 2002. Hjóðþróun í máltöku barna. *Talfræðingurinn* 16:6-10.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. 2016. Snjalltækjavæðingin og máltaka íslenskra barna. *Hugrás - Vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands*. Sótt þann 3. febrúar af <http://hugras.is/2016/08/snjalltaekjavaedingin-og-maltaka-islenskra-barna/>.
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. 2018. Stafrænt sambýli íslensku og ensku. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérrið 2018 – Menntavika 2018*.
- Þóra Másdóttir. 2008. *Pholological Development and Disorders in Icelandic-Speaking Children*. Doktorsritgerð, Newcastle University, Newcastle.